

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

DESEMBER 2021



12. tbl. 24. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EIDISTORGI
HAGKAUP
Skemmtilegast að versta

Vesturbæjarlaug í 60 ár

Gleðileg jól

Vesturbæjarlaug er 60 ára. Hún var tekin í notkun 25. nóvember 1961 og opnuð fyrir almenningi þann 2. desember sama ár. Byggingarnefnd var skipuð árið 1953 og var Birgir Kjaraformaður hennar. Nefndin fékk fjárfestingarleyfi eftir fjögurra ára baráttu árið 1957.

Vesturbæjarlaug er í hugum margra Vesturbæinga hjarta Vesturbæjarins og þeirra helsti gríðastaður. Fyrir marga er viðkoma í lauginni fastur og órjúfanlegur partur af deginum. Fyrir aðra er laugin samkomustaður þar sem fólk hittir vini og kunningja til að eiga góðar stundir saman í heitu pottunum eða gufunni. Nánar er sagt frá lauginni á bls. 8.



Betri laun



Bókhald | Laun | Ráðgjöf
virtus.is

Gleðilega happahátíð!
Jóladagatalið er komið í sölu

Happaþrengan
Skemmtilegt að skafa!

JÓLAGJAFAHANDBÓK ELKO ER KOMIN ÚT

100 bls. af jólagjafahugmyndum
Sjáðu allt blaðið á elko.is

ELKO

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavík **Apótek**

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þegar líða fer að jólum

Helgartilboð

Úrb. Hólsfjalla lambahangikjöt

20% afsláttur

miðvikudag - mánudags
15.-20. desember á meðan birgðir endast

Hreindýrakjöt, villigæsir, krónhjartarkjöt, confit, dádýrakjöt, aliendur, aligæsir, Hólsfjalla-, Húsavíkur-, KEA- og SS hangikjöt, kalkúnar, tvíreykt sauðahangikjöt, Ali hamborgarhryggir, skoskar rjúpur, paté, nautalundur, elgur, ferskir kalkúnar og kalkúnabringur, lifrarkæfuefni, hreindýrahakk, Wellington, ostrur, styrjuhrogn, hérafile, andabringur, villigæsabringur, fasanar, kalkúnaskip, hnetusteikur og norska jólakakan.

Látið fagmenn okkar aðstoða við val á hátíðarmatnum - Munið að panta tímanlega!

Hagamel 39 - Sími 551-0224

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

12. tbl. 24. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107, 102 og 101.

Að áramótum

Við síðustu aldamót ríkti bjartsýni. Járntjaldið var fallið. Sovétríkin höfðu liðast í sundur. Kínverjar höfðu sýnt andlit verslunar og viðskipta í stað Maoismans.

Íbyrjun aldar blómstraði viðskiptalíf. Einkum um hinn vestrænna heim en einnig víðar. Bankar og sjóðir þöndust út. Eins og peninga væri alls staðar að finna.

Þessi þróun og bjartsýni lét Ísland ekki ósnortið. Ný einkavæddir bankar tóku kapphlaupið á fullri ferð. Fé – einkum lánsfé streymdi inn í landið sem aldrei fyrr. Íslendingar vildu mynda fyrirmyndar fjármálaríki á örkammri stundu. Allir áttu að græða.

Reyndin varð allt önnur. Bæði hér og víðar. Með falli Lehman brothers bankans vestra fór af stað skriða kreppu. Einkum um Vesturlönd. Hér á landi féll hið nýskapaða bankakerfi á einni viku. Bankahrunið hafði margvísleg áhrif eins og menn þekkja.

Vart höfðu þjóðir heims náð að jafna sig á hruninu þegar næsta vofa birtist og öllu skæðari en menn höfðu getað hugað sér. Veirufaraldur barst frá Kína og dreifðist með ógnarhraða um víða veröld. Faraldur sem haft hefur mikil áhrif og alls ekki er séð fyrir endann á.

Þrátt fyrir þýðu sem vonast var eftir milli heimshluta hafa samskipti þeirra ekki batnað. Fyrir Rússum virðist vaka að endurheimta einhvern hluta gömlu Sovétríkjanna og framleiða hergögn í óða önn. Kínverjar fara fremur leið viðskipta til vesturs en reyna einnig að innlima nágrannasamfélög sem þeir telja sig eiga. Popúlískir hægriöfgaflokkar hafa skotið upp kollinum á Vesturlöndum. Sums staðar hafa þeir náð nokkrum áhrifum en óvíst er um framtíð þeirra.

Hér er hafði annað kjörtímabil ólíkra stjórnmalaflokka. Á síðasta kjörtímabili var ágreiningarefnum þeirra á milli ýtt til hliðar. Litlar líkur eru til annars en svo verði áfram. Íslenska þjóðareðlið er seinþreytt til mikilla breytinga. Svo er sýnin við komandi áramót.

Mygla í Hagaskóla

Nemendum kennt á Sögu og í Háskólabíó



Rakaskemmdir hafa fundist í Hagaskóla.

Hluta nemenda Hagaskóla er nú kennt á Hótel Sögu og í Háskólabíó. Alls er um að ræða tvo þriðju hluta af nemendum skólans. Þetta gerðist eftir að mygla fannst í húsnæðinu þar sem ákveðnir bekkir stunda nám.

Skólastjóri Hagaskóla segir stöðuna í skólanum sérstaka. Aðeins einn árgangur sé eftir í húsnæði skólans þar sem mygla hefur fundist í álmum áttunda og níunda bekkjar. Þá sé einnig mögulegt að mygla leynist í álmum tíunda bekkjar. Unnið er að endurbótum en ómögulegt er að segja hversu

langan tíma það muni taka.

Sýni hafi verið tekin víða í húsnæði skólans síðustu vikur. Frumniðurstöður sýna mygla í rými 9. bekkjar. Ekki er ljóst hvar kennsla 9. bekkjar fer fram næstu vikur og þurfa skólastjórnendur einn til tvo daga til að finna húsnæði og skipuleggja kennslu. Rakaskemmdir fundust á gangi álmunnar sem nemendur 10. bekkjar eru í. Alman er í frekari skoðun og er endanleg ástandsskýrsla verkfræðistofunnar Eflu í vinnslu.

Vinningstillaga um Fossvogsbú



Tölvugerð mynd af vinningstillögunni.

Vinningstillaga í hönnunarsamkeppni um nýja brú yfir Fossvog hefur litið dagsins ljós. Hún ber nafnið Alda og var unnin af Eflu verkfræðistofu.

Alls bárust 15 tillögur á fyrra þrepi keppinnar, en tillögurnar þrjár sem hlutu flest stig á fyrra stigi áttu það sameiginlegt að uppfylla skilyrði útboðshaldara og að vera fallegt kennileiti Verkefni Alda, Hvalbak og Sjónarrönd hlutu flest stig í keppinni.

Á kynningarfundum þar sem vinningstillögurnar voru kynntar kom fram að í tillögum Öldu væri horft til þess að vestan megin á brúnni væri hröð hjólandi umferð. Austan megin á henni væri hæg hjólandi umferð og umferð gangandi og í miðjunni væri svo akrein fyrir borgarlinuvagna.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



Finndu okkur á
Facebook



Netverslun: systrasamlagid.is

Kjötkompaní

NAUTALUND

WELLINGTON

Munið að þanta tímanlega



kjotkompani.is/jolin

Hafnarfjörði & Grandá

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Þórbergur er minnisstæðastur

- segir Jón Hjartarson rithöfundur og leikari sem nú fagnar verðlaunum Tómasar Guðmundssonar

Jón Hjartarson rithöfundur og leikari hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2021 fyrir handrit sitt að ljóðabókinni Troðningar. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri veitti Jóni Hjartarsyni Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar miðvikudaginn 20. október, við hátíðlega athöfn í Höfða. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði við athöfnina í Höfða að Jón væri vel að verðlaununum kominn, ekki væri langt síðan ljóðinu var spáð ótímabærum dauðdaga „en það hefur margsannað sig hversu ótímabær sá spádómur var, því gróskan í ljóðlistinni hefur sjaldan verið meiri en undanfarin ár“. Jón sagði við athöfnina að hann hafi löngum dáð þjóðskáldin okkar, eins atómskáldin. „og ég dáí þá höfunda sem nú fást við ljóð. Og mér sýnist íslensk ljóðagerð dafna býsna vel sem er gott. Ljóðið ratar til sinna og setur veruleikann svolítið úr skorðum sem er hollt“. Í dómnefnd sátu: Sif Sigmarsdóttir, Guðrún Sóley Gestsdóttir og Eyþór Arnason.

Jón er Snæfellingur. Fæddur 20. janúar 1942 á Hellissandi. Hann útskrifaðist sem kennari frá Kennaraskóla Íslands 1965 og lauk leikaraprófi frá Leiklistarskóla Leikfélags Reykjavíkur 1968. Jón var jafnframt við framhaldsnám í Berlín 1984. Jón hefur samið fjölda leikrita bæði fyrir börn og fullorðna, auk barna- og unglingsbóka. Hann hefur bæði leikstýrt verkum sínum og annarra hjá atvinnuleikhúsum og áhugaleikhópum. Þekktasta túlkun hans í leikhúsi er trúlega í sýningunni Ofvitanum þar sem hann lék Þórberg Þórðarson rithöfund af því líkri snilld að margir héldu að Ofvitinn væri sjálfur kominn á sviðið.

Landshöfnin breytti öllu

„Já ég er snæfellingur. Alin upp undir Jökli og sleit barnsskónum þar allt til að ég flutti suður til þess að fara í skóla,“ sagði Jón þegar við höfðum gætt okkur á nýlögðu kaffi á Kaffi Örnú á Eiðistorgi. Þá varð ekki aftur snúið. Ég gerði reyndar ás hlé á skólalöggunni og fór vestur á Rif til þess að vinna og eignast pening. Þá var Landshöfnin komin á Rif sem gerbreytti allri aðstöðu til sjósóknar og fiskveiða. Áður voru litlar trillubryggjur sem bátar gátu lagst að en með höfninni skapaðist aðstaða fyrir mun stærri skip og öflugri útgerð. Höfnin breytti miklu.“ Jón segir að margir jafnaldrar sínir hafi gert það gott á sjónum. Sumir hafi eignast báta og gert sjómenskuna að ævistarfi. „Ég gat alveg hugsað mér að eignast bát og róa til

fiskjar og ég var eitt sumar á síld eins og margir á þessum árum. Sjórinn átti að sumu leiti vel við mig en ég var alltaf dálítið sjóveikur en þá gildi að duga eða drepast. Ég ílengdist því ekki á sjónum en hélt náminu áfram. Fór fyrst við Menntaskólann í Reykjavík en skipti fljótlega yfir í Kennaraskólann eins og hann hét þá. Ég hafði fengið áhuga á kennslustörfum. Þetta var heldur ekki langt nám og mér hugnaðist að þetta væri ágætur starfsvettvangur.“

Leiklistin náði mér

Jón lét ekki staðar numið við kennaranámið heldur reyndi fyrir sér á nýjum lendum. „Ég fékk líka áhuga á leiklistinni. Ég fór að lesa upp í Kennaraskólann. Hjá Brodda Jóhannessyni og Óskari Halldórssyni. Þeim fannst þeir heyra einhvern hljóð í lestri mínum sem gæti náð inn á svið leiklistarinnar. Þetta varð til þess að ég skráði mig í leiklistarskóla hjá Leikfélagi Reykjavíkur um leið og ég var að ljúka við kennaranámið. Og þá fór eins og með sjómenskuna. Þarna varð heldur ekki aftur snúið. Leiklistin hafði náð mér.“

Skemmtileg ár á Vísi

„Ég kenndi aldrei mikið. Starfaði þó í nokkur ár sem stundakennari við Kennaraskólann. Ég hafði farið á námskeið til Skandinavíu til að læra dramik eða leikræna tjáningu sem ég kenndi í nokkur ár. Þarna er öll sagan sögð af kennslustörfum mínum. Ég var kominn í nýtt eða öllu heldur ný hlutverk.“ En þarna var Jón kominn í fleiri en eitt hlutverk. Hann var orðinn leikari en einnig blaðamaður. Hvernig kom það til. „Á þessum árum var kennslustarfið ekki vel launað og maður varð að líta eftir öðrum verkefnum. Þessi leit endaði með því að ég var blaðamaður á Vísi í fimm ár jafnframt því að starfa sem leikari. Þetta voru skemmtileg ár á Vísi. Vísir hafði einkum verið blað heildsala og í nokkuð föstum skorðum sem slíkt. Þarna var Jónas Kristjánsson að koma inn á ritstjórnina og fór að breyta ýmsum áherslum. Meðal annars að draga aðeins úr hægri slagsíðunni sem verið hafði á blaðinu og gera Vísi að óháðu fréttablaði. Ungir blaðamenn voru að koma til starfa sem farnir voru að starfa við hlið gamalla jálka. Manna á borð við Loft Guðmundsson og Þorstein Jósefsson sem átti þarna sinn síðasta sprett ekki sist sem ljósmyndari enda margar myndir hans gulls í gildi. Axel Þorsteinsson kom eftir að vera búinn að segja Lundunafréttirnar í Ríkisútvarpinu. Hann hafði



Jón Hjartarson og Dagur B. Eggertsson á tröppum Höfða þar sem verðlaunaafhendingin fór fram.

þann hátt á að hlusta á BBC breska ríkisútvarpið á morgnana og endursegja svo fréttirnar á Íslensku. Ég er efins um að hann hafi skrifað mikið niður. Þetta rann bara inn í hausinn á honum og svo út þegar hann var kominn í útsendingu. Það var bæði gaman og lífligt að vera Vísi. Úr þessu varð ágæt blanda reynslu og nýjunga.“

Varð bara Þórbergur

Ekki átti þó fyrir Jóni að liggja að enda sem blaðamaður þótt hann hafi kunnað því vel. Leiklistin togaði í hann og hann varð fastráðinn leikari hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1974 þar sem hann starfaði sem slíkur allt til ársins 2004. „Já – og hlutverkin eru orðin mörg. Ætli þau séu ekki um eitt hundrað. Mörg þeirra eru eftirminnleg en ég tel að hlutverkið í Ofvitanum sé hvað eftirminnlegast. Þá fór líka allt á annan endann. Sýningin varð mjög vinsæl og síðar var gerð sjónvarpsmynd eftir henni.“ Mörgum er þessi sýning í minni og þótti Jón ná Þórbergi einstaklega vel. „Hann varð bara Þórbergur“ mátti heyra af vörum ánægðra heiluhúsgesta. En hvaða augum lítur Jón sjálfur á þessa trúlega merkustu sýningu sína. „Þarna var ég en tillögulega ungur maður að leika þennan eldri mann. Ég einbeitti mér að honum og persónu hans. Hlustaði á röddina og skoðaði takta hans sem voru ekki alveg eins og hjá öðrum. Ég æfði þetta. Reyndi að herma eftir honum og líkja á

margan hátt. Þetta sló rækilega í gegn.“ Ofvitinn var frumsýndur í Iðnó árið 1979 í leikgerð Kjartans Ragnarssonar. Verkið gekk fyrir fullu húsi samfleytt í þrjú leikár og urðu sýningarnar samtals 194. Áður en sýningum lauk réðst Ríkisútvarpið í það vandasama verkefni að festa leikritið á filmu og afraksturinn var sýndur í sjónvarpi allra landsmanna á Páskadag árið 1983.

Var Kjarval í heimildarmynd

Jón hefur leikið fleiri þekktu menn Íslandssögunnar. Hann fór einnig með hlutverk Jóhannesar Kjarval listmálara í heimildarmynd sem gerð var um hann. „Þetta var ánægjulegt verkefni. Þarna beinist fókusinn meira á manninn Jóhannes Kjarval en myndlist hans. Frekar hver maðurinn var og tengingu hans við náttúruna. Svo lék ég í leikriti sem heitir Englar í Ameríku eftir Tony Kushner. Þetta verk fjallaði um heim samkynhneigðra áður fyrr. Þar kom McChartyisminn einnig við sögu. Þegar öldungadeildarmaðurinn Joseph McCarthy barðist á ófgafullan hátt gegn kommúnisma. Þegar verkið var skrifað voru aðrir tímar og það fékk misjafna dóma. Náði ekki flugi. Ef til vill komst boðskapurinn ekki nægilega vel til skila.“

Refían til vegs og virðingar

Jón hefur ekki aðeins staðið

á fjölnum og túlkað magnaða karaktera. Hann hefur einnig sjálfur skrifað fyrir leikhúss. „Ég byrjaði snemma að skrifa fyrir leikhúss. Þegar við útskrifuðumst 1968 þá sömdum við útskriftarverkefni sem við kölluðum Poppleikinn Óla. Það var unnið í hópvinnu og það tekur sinn tíma að semja leikhússverk með þeim hætti. Það þarf að ná samkomulagi innan hópsins. Ýmsar skoðanir geta verið uppi í byrjun sem þarf að láta ná saman. Ég skrifaði líka að miklu leyti barnaleikrit sem sett var upp um jól. Við Kjartan Ragnarsson unnum saman að því. Þegar Sveinn Einarsson var leikhússtjóri í Iðnó vildi hann endurlífga refíuna og hefja hana til vegs og virðingar en refíur voru ákveðinn hluti af leikhúsmeningunni á árum áður. Um 1980 skrifaði Þórarinn Eldjárn refíu sem nefnist Skornir skammtar. Ég kom talsvert að því með honum. Þessi refía gekk ágætlega. Ég tók líka að mér að semja skemmtiefni fyrir ýmsar samkomur og gleðistundir. Það er einn hluti af lífi mínu.“

Með Ása í Bæ og Ragnari Lár

Blaðamensknan hefur þó lengi loðað við Jón þótt hann hætti á Vísi. Eitt af því sem hann tók sér fyrir hendur var að starfa fyrir tímaritið Spegilinn. Ástgeir Ólafsson eða Ási í Bæ vildi endurvekja Spegilinn sem hafði verið ádeilu- og grínblað fyrr á árum. Hann hafði fengið Ragnar Lár til liðs við sig og ég kom síðan




Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Jón Hjartarson rithöfundur og leikari hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2021 fyrir handrit sitt að ljóðabókinni Troðningar.

að þessu í ein þrjú ár. Aldrei var mikill gróði af þeirri útgáfu. Einkum var erfitt að innheimt söluna sem fór að mestu fram í sjoppum. Þar fór umtalsverð vinna fyrir litið. En maður var alltaf eitthvað að bauka meðfram starfinu í leikhúsinu.“

Borgarleikhúsið breytti miklu

En víkjum aftur að leikhúsinu. Hófust ekki nýir tímar í leikhússögunni með tilkomu Borgarleikhússins. „Borgarleikhúsið breytti miklu og segja má að þegar það kom til sögunnar hafi verið slegið í klárinn. Settar voru upp skemmtanir og það á meðal ein sem byggðist á leikhússögu. Kjartan Ragnarsson sá um þá skemmtun og við fylltum Laugar-dalshöllina. Þarna var bæði

flutt heimafengið leikhúsefni og einnig voru fengnir söngvar frá finnsku leikhúsi. Við sömduum síðan texta við finnsku lögin. Já – það var ýmislegt lagt á sig fyrir Borgarleikhúsið.“

Orti fyrst í Kennaraskólanum

Hvenær fór ljóðagerðin að sækja að Jóni. „Ég orti litið framan af. En þegar ég var í Kennaraskólanum orti ég ljóð og birti í skólablaðinu. Broddi skólastjóri varð hrifinn af ljóðinu. Svo týndist ég meira og minna í tækifærisefni og hið alvarlega varð að biða. Ég skrifaði nokkrar barnabækur. Ein hét Auga í fjallinu og kom út fyrir nokkrum árum. Hún seldist ekki mikið og ég hugsaði um að nú ætti ég að fara að hætta þessu og snúa mér að ljóðagerðinni. Þá varð ég að byrja aðeins upp á nýtt. Móta hér nýtt upphaf sem alvarlegt ljóðskáld. Ég byrjaði og hugsaði að ég gæti bara gefið þetta út sjálfur ef enginn vildi sinna því. Forlagið tók þetta svo upp á sína arma, sem var svo óvænt ævintýri sem endaði með verðlaunum Tómasar Guðmundssonar.“

Rímið er aldrei langt undan

Jón gefur sér tíma til að hugleiða skáldskapinn. Kveðst ætíð hafa verið aldamótaskáldunum þakklátur sem frelsuðu okkur undan þessum föstu skorðum ríms og stuðla sem íslensk ljóðagerð sat föst í. Það tók dálítinn tíma að hverfa frá þessu eldra formi þótt það hafi alltaf ákveðin sjarma. Ýmsir höfundar halda þó í það alla vega að hluta. Ég get nefnt Þórarinn Eldjárn. Hann hefur gott vald á rímnakveðskap og notar hann töluvert. En það má finna við

lestur ljóða hversu sumir áttu erfitt með að sleppa stuðlunum. Ég finn hjá sjálfum mér þegar ég er að setja órímuð ljóð saman að gleyma mér ekki að sækja í gamla formið. Og til þess að brjóta regluna þarf að kunna hana. Þetta er sterkt í menningunni.“ Talið berst að Sigurði Breiðafjörð einu helsta rímnaskáldi Íslendinga og grein sem Jónas Hallgrímsson skrifaði um hann og reyndi að gera út af við rímnakveðskapinn. “Ég hef alltaf haft nokkurt uppáhald á Sigurði og finnst að Jónas hafi verið helst til hvassyrstur. En hvernig sem Jónas orti þá fór hann aldrei langt frá hefðinni þótt hann væri ekki að skrifa rímur að hætti Sigurðar.” Og Jón gerði það ekki endasleppt. “Það er ákveðinn hrynjandi í Gunnarshólma,” segir hann og fór síðan með fyrstu erindin. Flutti þau með áherslum leikarans á Kaffihúsinu. “Þarna heyrirðu. Það er hrynjandi í þessu.”

Innblásin á gönguferðum

“Mér finnst skemmtilegt að sitja hér á Örnun og tengja þetta spjall Seltjarnarnesi. Ég var lengi félagi í trimmklúbb Seltjarnarness. Allt til að ég var orðinn slæmur í fótum og varð að slaka á að þessu leyti. Ég hef alltaf haft gaman af útivist og hef jafnan farið í fimm daga gönguferð um efri byggðir og hálandið. Ég er í hóp með 40 til 50 manns og við erum búin að fara víða. Nýja bókinn mín heitir Troðningar og nafnið er komið úr þessum ferðum. Bókin er um margt innblásin af hugsunum manns í þessum ferðum. Maður hugsar margt á göngu. Þessar hugsanir sitja í manni og svo fer maður að vinna úr þeim.”

Á barnaláni að fagna

Jón á barnaláni að fagna. Afkomendur hans hafa valið

að fara svipaða slóð og hann sjálfur. “Elsta dóttir mín Helga Braga fór snemma að stunda leiklistina og er þekkt leikkona og skemmtikraftur í dag. Hin dóttirin heitir Ingveldur Ýr er óperusöngkona. Sonur minn Hjörtur Jóhann er leikari og starfar við Borgarleikhúsið og sú yngsta er að ljúka meistaranámi í leiklist. Þetta snýr allt að menningunni. Trúlega hafa

þau þetta í genunum en þau eru einnig alin upp í þessu andrúmslofti.” Kaffið er löngu búíð. Fyrir utan gluggann eru snjóhorn tekin að falla. Þau fyrstu á þessu hausti. Viðmælandi minn á sinn þátt í þeirri endurreisn ljóðsins sem hefur orðið. Við höldum út í mugguna.

FUGLADAGBÓKIN 2022

Sigurður Egisson
Fuglar á Íslandi
og árstíðirnar fjórar

Fugladagbókin
2022

Glæsileg dagbók, prýdd einni fuglamynd fyrir hverja viku og fróðleik um viðkomandi fugl. Algjör gersemi!

Bókaútgáfan Hólar
holabok.is / holar@holabok.is

KRAFTVIKLIR KAPPAR

Kapparnir okkar hafa aldrei verið glæsilegri og fjölbreyttari. Þú finnur örugglega kappatertu við þitt hæfi.

Notum alltaf flugeldageraugu, bæði börn og fullorðnir

FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARVEITANNA

BJÖRGUNARVEITIN ÁRSÆLL
REYKJAVÍK - SELTJARNARNES
VIÐ SUÐURSTRÖND

SÍLYSVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Laugavegur

Flest auð rými þar sem bílaumferð er leyfð



Verslun tekin að blómstra við Laugavegin þar sem akstri bíla hefur verið hætt.

Athygli hefur vakið að flest verslunarrými við Laugaveg sem standa auð eru í þeim hluta götunnar þar sem bílaumferð er leyfð. Færri rými eru laus við göngugötur. Fólk virðist sækja í verslanir þar sem hægt er að ganga um án þess að hafa bíla brunandi á götunum. Stutt er í bílastæðahús við Laugaveg og víðar í Miðborginni.

Fleiri ástæður geta komið við sögu en akstur bíla. Fasteignaverð kann að jafa áhrif á að eignir hafa ekki selst eða leiguverð ekki hentað verslunareigendum. Miðborg Reykjavíkur hefur ekki farið varhluta af því ástandi sem Kórónaveirufaraldur hefur valdið. Ekki síst sú þjónusta og verslun sem beinist að ferðamönnum. Laugavegurinn hefur að undanförunu sýnt styrk sinn og endurnýjunarkraft og líf er að færast og vakna á ný bæði í verslunar- og veitingastarfsemi.

Átján milljónum úthlutað úr Miðborgarsjóði

Úthlutanir úr Miðborgarsjóði að þessu sinni eru tíu milljónir króna til 18 verkefna. Lífandi tónlist, hjólréiðar og myndlist er meðal þess sem styrkt er og lögð er áhersla á að glæða skammdegið lífi. Samkvæmt fjárhagsáætlun ársins voru 20 milljónir í Miðborgarsjóði en 10 milljónum var úthlutanar í viðburðapott Sumarborgarinnar í júní síðastliðinn. Áherslur ársins 2021 eru verslun og þjónusta ásamt markaðsmálum og var horft til verkefna og viðburða með grænar áherslur.

Við mat á umsóknum var horft til þess að forgangsraða umsóknum sem uppfylla skilyrði, markmið og áherslur Miðborgarsjóðs. Þar á meðal var horft til mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Miðborgarsjóður hefur verið starfræktur frá árinu 2017 og er þetta því í fimmta skipti sem úthlutað er úr honum. Fyrstu þrjú árin voru að jafnaði 11 til 16 verkefni styrkt ár hvert en í fyrra voru 32 verkefni sem hlutu styrk og í ár verða þau 18 eins og áður segir.

Styrkþegar að þessu sinni eru; Farandtónleikar á WindWorks tónlistarhátíðinni 100.000, Tónleikadagskrá í 12 Tónum 150.000, Fjölómátónlistarhátíð



Styrkþegar út miðborgarsjóði tóku fram hljóðfæri þegar styrkirinn voru kynntir á Eiðsgranda.

- Surround music festival 200.000, Á Laugavegi - Hver er miðborgin okkar? 240.000,

Laugardagshjólréiðar frá Hlemmi í allan vetur og samvinna við Borgarbókasafnið um Hjólabókina 250.000, Milli jóla og páska 300.000, JólaGrandinn 300.000, Ungir listamenn á adventu 300.000, Adventutónleikar í verslunum okkar 360.000, Lífandi tónlist í Petersen svíttunni 400.000, The Creative Space of

Jóhann Jóhannsson – Opin vinnustofa 500.000, Hringekjan Live Sessions 600.000, Óperudagar 101 600.000. MENGI LÍFI REYKJAVÍK - fyrirlestraröð í MENGI 600.000, Myndlistarsýningar í tónlistarhúsinu Hörpu 800.000, Fjölbreytt dagskrá á Grandi 800.000, Menningarstarf Skuggabaldurs 1.500.000 og Tónleikarýmið R6013 sem býður upp á fjölbreytta viðburðadagskrá fyrir alla aldurs- hópa 2.000.000

Heimild til að kaupa Bændahöllina

Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er lagt til að Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra verði gefin heimild til samninga um kaup á Hótel Sögu sem gæti hentað til að koma starfsemi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands fyrir á háskólasvæðinu.

Umræða um þessi kaup hefur staðið yfir um tíma og ætlunin er ef þeim verður að deild er nú staðsett í Stakkahlíð og Skipholti flytji á Hagatorgið. Fram kemur, að forsenda fyrir því að til álita komi að ganga til kaupa á Hótel Sögu sé að eignin bjóðist á hagstæðum kjörum. Áætlað heildarumfang vegna kaupa á fasteignum er um fimm milljarðar króna og þar muni mest um kaup á Hótel Sögu ná þáð fram að ganga.



Mögulega á menntasvið Háskóla Íslands eftir að þróast og dafna í þessari byggingu.

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu.*

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



AS WE GROW



GARÐASTRÆTI 2
ASWEGROW.IS

Zonnic NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVÆMUR KOSTUR
TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



zonnic® TAKTU STJÓRNINA!

Zonnic peppermint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma þegar sigaretta væri venjulega reykt eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnholsúðanum á milli kinnar og tanna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Nicovum AB. NIC201204 – Desember 2020.

Dýrleg jól

Áhrif jólaljósanna á villtu dýrin í kringum okkur

Við Vesturbæingar lifum í miklu návígi við náttúruna. Strandlengjan iðar af sjávarverum og fuglalífið er ekki síður fjölbreytt. Nú stýttist í jólin hjá okkur menntu íbúum Vesturbæjarins en það sem ekki allir átta sig á er að jólin koma líka hjá nágrönnum okkar, dýrunum.

Jólin eru hátíð ljóssins og dýrin verða sannarlega vör við það. Næturmyrkrið lýsist upp af jólaseríum og kynlegir upplýstir snjóskallar sem syngja Heims um ból skjóta upp kollinum í húsgörðum. Útikerti lýsa upp áður ólýst skúmaskot. Hvernig hefur þessi ljósadýrð áhrif á dýrin í kringum okkur.



Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson.

Ljós hafa áhrif á dýr

Hvort sem um er að ræða jólaljós eða önnur ljós þá hafa þau talsverð áhrif á dýr. Þegar við förum að sofa finnst okkur þægilegast að draga fyrir gluggana til að njóta næturmyrkursins. Dýrin í kringum okkur hafa ekki þennan möguleika. Með því að lýsa upp næturmyrkrið með jólaljósum röskum við svefni fugla, fiska og smádyra rétt eins og ljós frá tölvuskjá, sjónvarpi eða jólaseríum trufla okkar eigin svefn. Við erum nú sjálf dýr eftir allt saman.

En hvað með næturdýrin? Vilja þau ekki láta lýsa upp myrkrið á meðan þau eru á ferli? Nei, ekki heldur. Dýr sem eru á ferli á næturnar gera það af góðri ástæðu. Þau treysta á myrkrið til að athafna sig í felum, ýmist til að veiða eða til að leita skjóls frá rándýrum. Hugum að myrkurgæðum þegar við setjum upp jólaljósin okkar. Það má til dæmis stínga jólaljósum í samband þannig að auðvelt sé að slökkva á þeim á nóttunni eða tengja þau við tímastilli sem slekkur sjálfkrafa á þeim.

Næturljós geta ruglað skynfæri

Stjörnuskoðunarmenn þekkja það vel hversu miklu máli myrkurgæði skipta til að geta skoðað himintunglin. Í dýraríkinu finnst líka stjörnuspekingar. Ígulker og burstaormar sem finnast í hundruðatali á hverjum fermetra sjávarsíðunnar í Vesturbæ, fylgjast vel með gangi tunglsins og nota tunglganginn til að tímasetja þroskaferlið sitt, til dæmis hvenær þeir verða kynþroska og makast. Önnur smádyr taka mið af sól, tungli og stjörnum til að ná áttum, stunda samskipti og fylgjast með árstíðunum. Næturljós sem lýsa í átt að sjónum rugla skynfæri þessara dýra. Þetta er sérstaklega varhugavert með ljós sem lýsa í mismunandi litum eins og jólaljósin okkar. Til að koma í veg fyrir að skreytingarnar okkar trufla sjávarverur er gott að huga að því að jólaljósin okkar beinist ekki í áttina að sjónum og lýsi ekki langar sjónlínur. Gott er að beina ljósum frekar í áttina að götum og gangstéttum. Þar geta menn notið ljósanna og dýrin myrkursins.

Dýrunum í kringum okkur þykir vænt um myrkrið. Til að halda „dýrleg“ jól er þess vegna ágætt að hafa þessi atriði í huga:

- Stillum jólaljósum upp þannig að þau lýsi ekki langar sjónlínur, t.d. út á sjó, upp í sveit eða upp í loft.

- Þóssum að slökkva jólaljós og önnur ljós á nóttunni, bæði heima og í vinnunni. Dýrin í kringum okkur treysta á næturmyrkrið til að sofa og vera í felum.

- Ljós sem hafa áhrif á okkur hafa líka áhrif á dýrin í kringum okkur, til dæmis ljós sem trufla nætursvefn eða blikkljós sem dreifa athyglinni okkar.

Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson.

Höfundur er sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Vesturbæjarlaug 60 ára

- gríðastaður í Vesturbænum



Sundleikfimi er m.a. stunduð í Vesturbæjarlauginni.

Vesturbæjarlaug er almenningsundlaug í Vesturbæ Reykjavíkur. Hún var upprunalega byggð árið 1961 en 1976 voru gerðar endurbætur á henni. Stór heiturpottur með nuddstútum og iljanuddi var tekin í notkun 2014. Barnalaugin er samtengd aðallauginni sem er 25 metrar á lengd. Þrír smærri heitir pottar eru með mismunandi hitastig og einn kaldur pottur. Þar er einnig gufubað.

Saga Vesturbæjarlaugarinnar er að hún var tekin í notkun 25. nóvember 1961 og opnuð fyrir almenningi þann 2. desember sama ár. Laugin var opnuð að viðstöddum bæjarfulltrúum, íþróttamönnum og öðrum sem beittu sér fyrir byggingu hennar. Birgir Kjarran, alþingismaður, form. byggingarnefndar flutti ræðu. Rakti hann allan aðdraganda þessa máls. Hugmyndin um sundlaug í Vesturbænum mun fyrst hafa komið fram á árinu 1939, þegar KR eignaðist lóð sína við Kaplaskjólsvæg, og gerði þá ráð fyrir sundlaug á henni. Árið 1946 sendi Íþróttabandalag Reykjavíkur áskorun til bæjarstjórnar um að sundlaug yrði gerð í Vesturbænum, og upp úr því fór að komast skriður á málið. Reykjavíkurbær lagði fram fjárhæð og bæjarbúar gengust fyrir söfnun málinu til stuðnings.

Fjögur ár að fá fjárfestingarleyfi

Árið 1953 var skipuð byggingarnefnd og var Birgir Kjarran formaður hennar. Nefndin var fjögur ár að fá fjárfestingarleyfi, sem fékkst loks árið 1957. Arkitektar voru þeir Bárður Ísleifsson og Jes Einar Þorsteinsson. Upphaflega samantöð Vesturbæjarlaug af afgreiðslusalnum sem enn er í notkun, löngum gangi sem snýr að laug þar sem hægt er að njóta sólarinnar í skjóli frá veðri og vindum, svokölluðum sólargangi og svo karla og kvennaklefa þar sem í dag er að finna sánaklefa. Einnig voru útiklefar á stétt vestan megin á laugarsvæðinu. Árið 1976 var húsið stækkað og við austari enda byggðir nýir búningsklefar á tveimur hæðum, karlar niðri og konur upp og þannig er það enn í dag. Í sama rými fékk starfsfólk bættu aðstöðu. Árið 1999 teiknaði Jes Einar útiklefa við vestari enda hússins og eimbað á útsvæði. Árið 2006 var afgreiðslu breytt, sett upp



Þessi grunnur er á lóð Vesturbæjarlaugarinnar. Hann var undirstaða undir gosbrunn eða listaverk eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal. Verkið var gefið Vesturbæingum til Sundlaugar Vesturbæjar og sett upp við vígslu hennar 1961. Verkið var upprunalega úr steini en var orðið afar illa farið þegar það var tekið niður. Þá var það steipt í brons og bronsútgáfan er varðveitt í safneign Listasafns Reykjavíkur.

tkaffistofa og skrifstofuástaða og árið 2007 var sett upp þil á milli barna og aðallaugar svo auka mátti hitastig í barnaenda laugarinnar. Fjölskyldu og nuddpottur var byggður í apríl 2014 og þykir í dag ómissandi hluti laugarsvæðisins. Síðast er ekki síst var byggður sérklefi þar sem áður var lítill líkamsræktarsalur í vestari enda hússins nú á þessu 60 ára afmælisári.

Hjarta Vesturbæjarins

Vesturbæjarlaug eða Sundlaug Vesturbæjar eins og margir kalla hana er í hugum margra Vesturbæinga hjarta Vesturbæjarins og þeirra helsti

gríðastaður. Þó svo að byggingin sjálf hafi tekið þó nokkrum breytingum frá því að hún opnaði fyrst þá hefur hlutverk hennar verið gegnumgangandi að hlúa að andlegri og líkamlegri heilsu Vesturbæinga og annarra gesta. Fyrir marga er viðkoma í lauginni fastur og órjúfanlegur partur af deginum. Fyrir aðra er laugin samkomustaður þar sem fólk hittir vini og kunningja til að eiga góðar stundir saman í heitu pottunum eða gufunni. Gestir njóta dvalarinnar í lauginni á marga vegu og þangað eru allir velkomin óháð kyni, aldri eða trú. Forstöðumaður Vesturbæjarlaugarinnar er Vala Bjarney Gunnarsdóttir.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

3ja ára ábyrgð

Vandaðir krossar á leiði!

JS LJÓSASMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Jólagjafir sælkerans

Ostakörfur
4 stærðir

Verð
frá **4.499** kr/stk



HAGKAUP



Il Boschetto
kryddstaukar

Verð
frá **2.699** kr/stk



Monte Nevado
Serrano læri 7 kg

17.999 kr/stk



Olio Nitti
Í fallegum
gjafakassa

Verð
frá **4.490** kr/pk



Stonewall
gjafapakningar

Verð
frá **2.599** kr/pk



Ferrero
Collection

1.899 kr/pk



Hamlet konfekt
frá Belgíu

Verð
frá **1.599** kr/pk

Bræðraborgarstígur 1

Litrík saga en ömurlegur endir

Bruninn á Bræðraborgarstíg 1 í júní 2020 er flestum í fersku minni. Um harmleik var að ræða þar sem þrjú einstaklingar létust eftir að kveikt var í húsinu. Marek Moszczynski einn íbúa hússins var ákærður og dæmdur fyrir þrjú manndráp og tíu manndrápstílaunir með íkveikjunn. Þetta er verst Eldsvoði sem orðið hefur hér á landi á síðari árum. Húsið við Bræðraborgarstíg eða öllu heldur það sem eftir var af því hefur verið rífið og unnið er að áætlunum um uppbyggingu.

Þetta er ekki fyrsti eldsvoðinn sem hefur orðið á þessum stað. Í frétt í Alþýðublaðinu í nóvember árið 1926 var sagt frá eldi í bókunarkjallara Sveins Hjartarsonar á Bræðraborgarstíg 1. Í fréttinni sagði að logað hafði í kassadóti og lausu timbri milli bókunarofnsins og útveggjar. Þar hefur eldurinn náð að komast að veggnum. Þar hafi skotfæri frá Jóhanni Ólafssyni & Co. Verið geymd til þurrkunar og sum þeirra hafi sprungið. Í fréttinni kemur einnig fram að fljótt hafi tekist að slökkva eldinn og engum orðið meint af. Íbúum hafi þó verið brugðið.

Otti skipasmiður byggði húsið

Bræðraborgarstígur varð til seint á þar síðustu öld. Götunnar

er fyrst getið í manntali árið 1885 og þegar á fyrstu árum tuttugustu aldar fékk hann á sig þá mynd sem hann hefur enn í dag. Otti Guðmundsson skipasmiður úr Engey byggði Bræðraborgarstíg 1 sem fjölskylduhús. Húsið stóð á horninu við Vesturgötu í rúma heila öld þar til það stóð í ljósum logum á júnídegi fyrir einu og hálfu ári.

Starfsemi jókst og íbúum fjölgaði

Sveinn Hjartarson og Steinunn Sigurðardóttir festu kaup á húsinu á árinu 1910. Áður hafði verið þar bakarí sem Árni Jónsson bakarí opnaði á Bræðraborgarstígnum en það varð ekki langlíf. Sveinn og Steinunn settu þá á stofn bakarí og ráku um áratuga skeið á jarðhæðinni. Árið 1909 var Otti skipasmiður enn skráður til heimilis að Bræðraborgarstíg 1 samkvæmt Bæjarskrá Reykjavíkur en flutti á Stýrimannastíg. Í manntalinu árið 1910 eru bæði Sveinn og Steinunn skráð þar til heimilis sem og í bæjarskránni árið 1915 auk fimm annarra. Nokkrum árum síðar eru íbúarnir orðnir fjórtán og árið 1929 eru þeir sagðir tólf.

Himnaríki á jörð

Steinunn og Sveinn voru þekkt fólk í Reykjavík og lögðu sín lóð að framþróun borgarinnar. Sveinn



Bræðraborgarstígur 1 eins og húsið leit út á fyrri árum.



Otti Guðmundsson skipasmiður byggði Bræðraborgarstíg 1.

var einn stofnenda Rúgbrauðsgerðarinnar og tók þátt í togaraútgærd. Steinunn var fædd í Hlíðarhúsum einum Hlíðarhúsabæjanna neðst við Vesturgötuna. Hún er talin fyrst kvenna á Íslandi til að læra að aka bíl sem og meðal þeirra fyrstu til að stunda laxveiði. Steinunn missti tvær systur sínar úr spönsku veikinni og tóku hún og Sveinn fjögur af börnum þeirra í föstur og önnur börn systranna áttu ætíð athvarf hjá þeim. Áður höfðu þau ætteleitt eina stúlku og auk þess átti Sveinn son frá fyrra sambandi. Einn föstursonurinn sagði síðar



Bræðraborgarstígur 1 í júní 2020. Slökkviliðsmenn berjast við eldinn.

að hann hefði upplifað heimili þeirra sem „himnaríki á jörðu“.

Otti féll af smíðapalli, Sveinn dó úr bráðum veikindum og Steinunn lést í bílslysi

Mikil umsvif voru í bakaríinu hjá Sveini og Steinunni á þeirra tíma mælikvarða. Bakað var á hverjum degi og fyrir utan íbúana í Vesturbænum voru skip og sjúkrastofnanir meðal helstu viðskiptavina. Auk reksturs bakaríns stunduðu þau hjón búskap að Laugalandi og Breiðabóli og seldu mjólk frá búnum. Sveinn varð þó ekki langlífur. Hann féll frá eftir skammvinn veikindi snemma á fimmta áratug liðinna aldar. Steinunn ekkja hans bað þá fólk er vildi minnst hans að láta það renna til Barnaspítalásjóðs Hringsins í stað blómakaupa. Dauða bæði Otta skipasmiðs og Steinunnar bar að með snöggum hætti. Í aprilmánuði árið 1920 féll Otti niður af smíðapalli í bátasmiðastöð sinni og beið bana af aðeins sextugur að aldri. Steinunn lést í bílslysi í Kaupmannahöfn árið 1961 þá 74 ára að aldri.

Guðmundur Ágústsson

Guðmundur Ágústsson rak Sveinsbakarí um langt skeið. Guðmundur missti móður sína í spönsku veikinni 1918 og var þá tekinn í föstur af Steinunni Sigurðardóttur, móðursystur sinni og Sveini Hjartarsyni, bakameistara. Hann lærði bakaríð hjá Sveini og tók við rekstri Sveinsbakarís fyrst ásamt öðrum, en rak það síðan einn allt til ársins 1980. Guðmundur var einnig góður skákmaður og gekk um tvítugt í Taflfélag Reykjavíkur. Hann fór að tefla fyrir alvöru en frá þeim tíma og var hann nátengdur skáklífinu í Reykjavík. Telja má víst að Guðmundur hafi tekið bakteríuna af Eggert Gilfer, en Eggert var bróðir Þórarins Guðmundssonar, tengdafóður Guðmundar. Árið 1938 vann Guðmundur sig upp í

meistaraflokk. Starfsárið 1941 til 1942 var Guðmundur formaður Taflfélags Reykjavíkur.

Hjörtur Hjartarson

Hjörtur Hjartarson sem var einn af yngri bræðrum Sveins opnaði nýlenduvörverslun í pakkhúsinu við hús hans á Bræðraborgarstígnum árið 1926 og rak hana allt til ársins 1982 eða í yfir hálfu öld. Tómas Ó. Jóhannsson rak þar einnig búð og árin 1924 og 25 auglýsti hann margvíslegan varning og slagorð versunarinnar var „Veit sá bezst sem reynir“ Löngu síðar var þar rekin raftækjaverslun þar sem framsýnin réði ríkjum. Seldi til dæmis sjónvarpstæki af gerðinni Tandberg sem voru algeng á fyrstu árum sjónvarpsútsendinga hér á landi.

Sorgarsaga leikskóla

Um tíma var leikskólinn 101 starfræktur á Bræðraborgarstíg 1. Leikskólinn var einkarekinn og komst í fréttir eftir að orðrómur um að börn væru beitt harðræði varð heyrnum kunnur. Í framhaldinu af því lét þáverandi eigandi hússins loka leikskólunum sem síðar var tekinn til gjaldþrotaskipta.

Útleiga, ungt fólk og ömurlegur endir

Um svipað leyti var sótt um að innrétta litlar stúdíóbúðir í húsinu og leigja ferðamönnum yfir sumarið og námsfólki yfir veturinn. Þær hugmyndir strönduðu á ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar sem lagðist gegn þeim. Síðustu árin var húsið þó leigt út að mestu sem einstaklingsherbergi. Leigjendur komu og fóru. Oft var um ungt fólk að ræða sem hingað var komið lengra að en sveitafólki sem flutti á mölina við upphaf síðustu aldar. En tilgangurinn var þó sá sami. Að búa sér til betra lífs. Það voru ungir leigjendur af erlendum uppruna sem létu lífið í brunanum 2020.

Þennilega Heimsins Minnsti
Ura Framleiðandi

GILBERT
ÚRSMIDUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

GRÆNN IÐNAÐUR

Tökum vel á móti fram tíðinni

Markmið Landsvirkjunar er að styðja við og stuðla að nýjum og grænum orkutengdum tækifærum. Þannig leiðum við græna þróun til framtíðar.

Nánar á landsvirkjun.is/framtidin

Jósefína í Nauthól

- minnisstæð og sögufræg persóna af Grímstaðaholtinu

Bærinn Nauthóll var reistur um árið 1850. Hann var eitt margra nýbýla, sem risu í nágrenni Reykjavíkur á þessum tíma og einn af sex bæjum er byggðust út frá Skildinganesi. Um bæjarhúsin í Nauthóli greinir Sigurður Jónsson í Görðum svo frá í æviminningum sínum, en hann ólst upp í Skildinganesi. „Á Nauthóli var tvíbýli. Bæjarhúsin voru byggð hvort sínu megin við allmikið bjarg og myndaði bjargið sameiginlegan gafi húsanna. Á stríðsárunum, 1940 til 1945, setti setuliðið upp mastur með steyptri undirstöðu þar sem aðalbæjarhúsin höfðu staðið, svo að nær ekkert er eftir af tóftum þeirra.“ Nauthóll var ein af sex hjáleigum Skildinganes. Bærinn stóð skammt norður af samnefndri vík. Hann var við vegarstöða sem lá með sjónum frá Fossvogsdal yfir í Skildinganes. Um síðustu aldamót mun taugaveiki hafa stungið sér niður á Nauthóli og var bærinn þá brenndur að ráði Guðmundar Björnssonar landlæknis. Síðan hefur ekki verið búið þar. Nafn Jósefínu Eyjólfsdóttur var þó kennt alla tíð við Nauthól. Jósefína var áberandi persóna í Vesturbænum í Reykjavík megnið af síðustu öld. Hún var fædd 1893 og lifði í 86 ár til 1979.

Jósefína fluttist á Grímstaðaholtið eftir að Nauthólsbærinn var brenndur. Á Holtinu var nokkuð sérstæð byggð og mannlíf. Þorvaldi Gylfasyni prófessor sem ólst upp á Aragötunni segist svo frá. „Þarna uppi á Holtinu bjó fólk af ýmsu tagi, einkum erfðisfólk. Verkamenn, kennarar, kristniðboði, sælúnið sjómenn og Jósefína í Nauthól. Hún stendur mér ljóslifandi fyrir hugskotssjónum með gauðrífna nælonsokkana hangandi á hælunum, sigarettuna negla við neðri vörina, Chesterfield, minnir mig, nema það hafi verið Lucky Strike, og ískrandi viskírödd af rámostu gerð. Þegar ég kom til Albaníu þrjátíu árum síðar, sá ég fullan sjó af sígaunakerlingum, en engin þeirra komst í hálfkvisti við Jósefínu.“

Stutt á milli himnaríkis og helvítis

Í viðtali sem Sigrún Davíðsdóttir tók fyrir Mjorgunblaðið við Þórarinn Óskar Þórarinsson sem oft hefur verið nefndur Aggi og er barnabarn Jósefínu haustið 1996 fór hann yfir sérstæða sögu ömmu sinnar. Í upphafi frásagnarinnar staldraði hann við Nauthól. Hún sagði að enginn hafi viljað koma nálægt þessum stað. Allt verið ljóslaut. Þar nokkrir torfbærir á stangli. Á milli vikurinnar og miðbæjarins var Vatnsmýrin, sem á þeim tíma gat gleypit fólk með húð og hári. Hóllinn við lækinn var að sögn Jósefínu mikil álfahöll og þarna á unglingsárunum kvaðst hún hafa komist í kynni við mystíkina. Hún sagðist hafa verið í stöðugu sambandi við álfana og trúði á stök og steina. Hún trúði bæði á himnaríki og helvíti og í hennar huga var stutt þar á milli.

Sagði kjot og smér

Jósefína var spákona og kvenskörungur. Sumir hafa lýst henni sem miðaldagaldrakonu. Agga segist svo frá, að ef barn fæddist í fjölskyldunni hafi sú gamla viljað ráða uppeldinu og hafði það mest í faðminum. Aggi segist hafa verið í faðmi ömmu sinnar þar til ég var 24 ára að hún dó. Hann segir ömmu sína alltaf hafa verið í slopp, haft skræka og skerandi rödd og talaði hátt eins og öll þessi fjölskylda gerir. Allt hafi komst til skila sem hún sagði. Hún hafi einnig verið flámælt, sagt kjot og smjer og notað skrýtin orð.

Hvað var þá betra en fótbolti

Halldór Sigurðsson fyrrum farmaður og síðar fiskali var

eiginmaður Jósefínu en þau eignuðust ekki börn saman. Hann sá fyrir heimilinu en Jósefína hafði tekjur af spádómunum auk þess að aðrir drógu í bú eftir getu. Halldór var einnig íþróttaförmuður og einn af aðalstofnendum íþróttafélagsins Þróttar. Honum rann til rifja slæpingjaháttur krakkanna á holtinu og í nágrenni og taldi að finna þyrfti þeim verðugri viðfangsefni. Og hvað var þá betra en fótbolti og annað íþróttalíf. Aggi ræddi nokkuð um sögu Halldórs í viðtalinu við Sigrúnu. „Halldór mátti muna tímana tvenna, því sem tólf ára laug hann sig inn á norska kaupskipaflotann. Í fyrri stríði sigldi flotinn fyrir Breta og hann var þrisvar á skipi, sem var skotið í kaf. Þótt hann væri ósyndur komst hann alltaf af. Hann var í Arkangelsk þegar byltingin braust út í Rússlandi 1917, hann sigldi á Kína - og endaði síðan á Jósefínu. Við máttum mikils stundirnar á síðkvöldum þegar var friður og hann sagði mér frá siglingum sínum. Þau amma voru alltaf að tala um liðnar stundir og ég hlustaði. Það var eitt sem einkenndi allt þetta fólk: þeim var guðsgefin náttúra að segja sögur. Þannig er öll ætt Jósefínu og þaðan hef ég frásagnargáfuna.“



Jósefína og Halldór ásamt Lóló dóttur Jósefínu og nokkrum barna hennar.

Sósíal velferð á Holtinu

Og Þórarinn heldur áfram lýsingum sínum á Jósefínu ömmu sinni í viðtalinu við Sigrúnu. „Sú gamla eldaði alltaf, enginn mátti snerta neitt í eldhúsinu og þetta stóra hús var alltaf fullt af fólki. Þarna kom fólk til að láta spá fyrir sér og svo lúserar, vesalingar, fyllibyttur, klepparar og ídjótar. Hún eldaði kjötsúpu í potti, sem hefði dugað Afríkunegrum til að sjóða trúboða í. Hún tögglaðist mikið á því að hjálpa minnimáttar. Sagði alltaf að það skipti ekki máli hvort fólk væri skítakamarmokarar eða bankastjórar, því allir væru jafnir fyrir Guði og hún rak eiginlega "sósíal velferð" þarna á Holtinu. Ég man ekki eftir þeim degi að húsíð væri ekki troðfullt af fólki. Miðað við normal heimili var þarna alls konar óregla í gangi.

Það var tekið létt á að krakkarnir skröpuðu í skólanum og enginn agi hjá ömmu. Ef maður var þreyttur eða illa fyrir kallaður skildi hún það vel og fannst það þrældómur að vera að reka börn upp eldsnemma á morgnana til að fara í skóla. Hún og afi voru hörkudugleg, en hún rak þá pólitík að sjálf hefði hún þrælað svo mikið að afkvæmin ættu að hafa það þægilegt.“ Þórarinn segir Jósefínu hafa verið orðljóta. Hún hafi ekki haft vandað orðbragð og notaði heimatilbúin orð. Hún hafi verið fljót að afgreiða fólk, stimpla það og krossfesta. Hún hafi verið ofsalega bitur út í margt og marga, en lífsbarátta hennar hafði líka verið hörð.

Stórvígi Sjálfstæðisflokksins

Jósefína og Halldór byggðu

sér hús á Grímstaðaholtinu. Byggingarleyfið fengu þau hjá Gunnari Thoroddsen sem þá var borgarstjóri. Þórarinn segist svo frá í viðtalinu við Sigrúnu Davíðsdóttur að gamla húsíð hafi verið stórvígi Sjálfstæðisflokksins. Sú gamla hafi séð það í spilunum að fólk var betra að kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Annars blasti opin gröfin við. Hann sagði húsíð hafa verið byggt fyrir daga skipulagsins, en þegar það hafi loks verið samþykkt vildu bæði nágrannarnir og borgaryfirvöld losna við það og allt verið gert til að rífa það. „Það var ekki beint vinsælt hjá nágrönnunum að amma kappkynti með kolum allan ársins hring. Þegar fólkíð í blokkinni lagði sig kannski út á svalir á sumardegri átti það á hættu að fá kolareykinn yfir sig.“ Eftir langt samningaþóf fékk Halldór því frangengt að borgin fengi húsíð, ef hann fengi annað hús í nágrenninu, því sú gamla gæti ekki hugsað sér að flytja af Grímstaðaholtinu. Þá fluttu þau á Prastargötu 9 sem er um 150 metra frá gamla húsinu og bjuggu þar að kostnaðarlausu allt til að þau létust með nokkru millibili.

Fékk 14 milljónir í lífeyri eftir dauðann

Jósefína átti engin börn með Halldóri en átti eina dóttur áður. Hún hét fullu nafni Steinþóra Eyjólfína Steinþórsdóttir en var jafnan kölluð Lóló. Hún eignaðist fimm börn hér á landi og öll með útlendingum. Jósefína ól þau börn upp sem lífðu. Móðir Þórarins Óskars eða Agga er elsta barn hennar. Hún átti hann sautján ára með Englendingi, sem bar hið fræga nafn Kipling. Steinþóra fluttist til Bandaríkjanna 1949 eftir að hafa kynnst amerískum vörubílstjóra eða „truck driver“ eins og það kallast á amerísku. Hún eignaðist einnig börn í Ameríku og missti sum. Ekki mun að fullu vitað hversu mörg þau voru en sjálf mun hún jafnan hafa sagt að það hafi verið fyrir daga pillunnar. Steinþóra bjó um tíma í Danmörku en flutti aftur vestur um haf. Til Minnesota. Hún fékk ríflega fjórtán milljónir



Halldór Sigurðsson, fiskali og æskulýðs foringi, er hægra megin á myndinni. Með honum er fyrsta uppskeran í Þrótti sumarið 1951, strákar sem unnu marga fræga sigra. Lengst til vinstri á myndinni er Halldór Halldórsson, augasteinn Jósefínu eða Bóbó eins og hann var oftast kallaður.



Á þessum stað er talið að Nauthóll hafi staðið.

króna í lífeyri frá Íslandi í tíu ár eftir að hún lést í Bandaríkjunum. Ekkert dánarvottorð barst hingað til lands. Þetta mun ekki eina tilfellið þar sem þetta gerðist. Þjóðskrá Íslands fylgist ekki með afdrifum Íslendinga sem bjuggu um langan aldur erlendis. Haukur Ingibergsson, fyrrverandi forstjóri Þjóðskrár, sagði að eftir því sem ævin lengdist, og fleiri og fleiri flyttu milli landa, þeim mun erfiðara væri að fylgjast með örlögum og ævilokum Íslendinga, líkt og þeirra sem eiga einhver réttindi hér á landi sem geta varað um áratuga skeið.

Ameríka á Holtinu

Líf Steinþóru eða Lólóar endurspegladi að nokkru lífið í húsinu á Grímstaðaholti. Það var einskonar Ameríka á Holtinu. Lóló kom stundum til Íslands til þess að vitja ættingja sinna. Hún sendi líka ýmsar vörur heim til fjölskyldunnar sem ekki fengust hér á landi. Það komu pakkar merktir US Mail á Grímstaðaholtið.

Líf gert ódauðlegt

Einn sona Lólóar gerði garðinn á Grímstaðaholti frægari en aðrir. Hann hét Halldór Horset. Faðir hans var í upphafi talinn franskur en síðar mun hafa komið í ljós að Horest nafnið væri komið frá Belgíu. Lóló lét jafnan vera að spyrja um þjóðerni þegar hún átti erindi við menn sem gátu með henni börn. Halldór yngri var aldrei kallaður annað en Bóbó eða Bóbó á Holtinu. Bóbó er fyrirmynd Einars Kárasonar rithöfundar og sagnaskálds í sögunum af Grímstaðaholti, Djöflaeyjunni, Gulleyjunni og Fyrirheitna landinu. Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndagerðarmaður gerði síðan kvikmynd eftir Djöflaeyjunni einni af sögum Einars. Saman gerðu þeir Halldór Horset eða Bóbó og lífið í gamla húsi þeirra Halldórs eldra og Jósefinu ódauðlegt.

Bóhemskan úr báðum ættum

Líf Lólóar í Ameríku varð þess valdandi að vestræn áhrif urðu áberandi á heimilinu á Holtinu. Bóbó kippti líka í sitt kyn. Honum var ævintýramennska eða kannski frekar bóhemskan í blóð borin. Gæti hafa erfst honum úr báðum ættum. En áhrifin frá móður hans voru augljós þótt Atlantshafið skildi þau löngum að. Hann þótti með afbrigðum

myndarlegur og ýmislegt til lista lagt þótt það nýttist honum að takmörkuðu eða litlu leyti. Hann þótti handlaginn þegar hann brá sér í byggingarvinnu. Vann þá eins og berserkur en stóð jafnan stutt við. Hann fór stundum túr og túr á togara en mun annars lítið hafa verið fyrir fasta vinnu.

Allt í ökla og eyra og ekkert þar milli

Bóbó varð ungur uppnumin af tónlist sjötta áratugarins. Eftir Ameríkuferð varð Elvis Presley hans maður. Þótt hann lifði langt fram á Bítlaöldina skyldi hann aldrei við átrúnaðargoð sitt. Hann hlustaði á Elvis, horfði á kanasjónvarpið, reykti kamel, lá upp í sófa og slakaði á. Jósefína dýrkaði þennan dótturson sinn umfram allt annað. Eins og jafnan þegar hún átti í hlut var allt í ökla eða eyra og ekkert þar á milli. Ekki heldur ástin á Bóbó og fjölskyldan leit öll á hann í dýrðarljóma með augum Jósefinu. Bóbó var hátt skrifaður á vinsældalista ýmsra sem umgengust hann. Í augum Jósefinu var hann þó aðeins saklaus drengur, sem félagarnir skemmdu. Sú gamla átti til að standa eins og dyravörður á næturklúbbi þegar hann kom heim með félagana hvort sem þeir komu af sjónum eða úr skúmasketum mannlífsins í borginni. Bóbó átti löngum við alkohólisma að stríða. Hann ágerðist með árunum og strætið tók við Bóbó og loks Gunnarsholt sem var drykkjumannahæli.

Suðræn gen

Saga Jósefinu í Nauthól eins og hún var oftast kölluð er um margt merkileg. Einkum fyrir hversu sérstæð manneskja hún var. Ýmislegt gefið en margt féll þó ekki að íslenskum veruleika. Sumt hefur eflaust mátt rekja til eðlis, en annað til erlendra áhrifa sem bárust hingað til lands vestan um haf á stríðsárunum og í lok þeirra. Ef til vill hefur suðrænna áhrifa gætt í persónu hennar. Vera má að Þorvaldur Gylfason hafi hitt naglann á höfuðið þegar hann líkti henni við konur af rómönskum ættum sem hann sá í Albaníuferð. Hvað sem uppruna fólks líður og ættfræði má nokkuð ljóst vera að suðræn gen hafa slæðst hingað með sjómönnum og þá trúlega einkum frönskum og fest rætur í íslenskri manngerð. Hvort Jósefína hafi borið slík gen er þó tilgáta en ekki fullyrðing.

KÓSÝ JÓL OG VELLÍÐAN



Jóga-og kósýföt

Lífrænn, umhverfisvænn dásemdar fatnaður sem þú vilt verja tíma þínum í.

Ripple, Spiritual Gangster, BySirrý



Kristalsvantsflöskur eru sígildar. Nú getur þú bætt þínum eigin kristöllum við.



Baðdekur af bestu gerð Húðburstar, hanskar, naglaburstar, augnhvílur. Hydréa London er leiðandi í baðdekri í heiminum í dag.



Vinalegasta vinagjöfin Möntruskartið er vinalegasta gjöf Systrasamlagsins undanfarin ár.



Mögnuð ítölsk kerti. NÝ SENDING. Umhverfisvæn kerti að fornum ítölskum sið.



Jógadýnur og fylgihlutir Asanas og Manduka. Bara gæði.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



Afgreiðslutími: Mán: 11-16 Pri-fös: 11-18 Lau: 11-16

ÓÐINSGÖTU 1, REYKJAVÍK systrasamlagid.is @systrasamlagid Sími: 511 6367

Jólaþveðja frá Dómkirkjunni

„Að heyra boðin himni frá fær huga þínum breytt. Þau boða að heilög himins dýrð sé hjarta þínu veitt.“

Svo yrkir sr. Hjálmar Jónsson í sálminum góða sem hefst á orðunum:



Á dimmri nóttu bárust boð um bjartan nýjan dag.

Hér yrkir hann um fyrirheitið, boðskap englanna um nýja tíma, betri tíma og andstæðurnar eru sterkar. Mitt í myrkinu skín loks ljósið og gefur von um meira ljós, meiri birtu, meiri fögnuð.

Skilaboðin eru nefnilega þau, að þar sem frelsarinn er nú fæddur þá er dýrð Guðs, sem er á himnum, einnig á jörðu, sé henni gefið rúm í hjarta okkar.

Guð gerist maður og maðurinn fær hlutdeild í himninum; markmiðið er að byggja brú milli manns og Guðs og manna á milli.

Þessi boð geta breytt huga okkar og hjartabæli, og gerir það, þegar best lætur.

Það líður að jólum og undirbúningur þessarar helgu hátíðar ljóss og friðar stendur yfir. Í Dómkirkjunni er aftansöngurinn kl. 18 hvort tveggja í senn, upphaf og hápunktur jólahaldsins og það hættir ekki að vera hið mesta tilhlökkunarefni.

Kófið hefur hallað öllum leik og gildir það jafnt um Dómkirkjuna og aðrar stoðir samfélagsins. Því biðjum við þá sem hyggjast koma til aftansöngsins kl. 18:00 að sýna fram á gilt covidpróf við kirkjudyr.

Um annað starf og helgihald í Dómkirkjunni yfir hátíðarnar bendum við á facebooksíðu Dómkirkjunnar og domkirkjan.is

Allir eru hjartanlega velkomnir.

Prestar og starfsfólk Dómkirkjunnar óska þér uppbyggilegrar aðventu, gleðilegra jóla og farsældar á ári komanda.

Þórdís Richardsdóttir

Glæsileg ljóðabók

Fyrir nokkru kom út ljóðabók sem nefnist Eins og í kviksjá. Höfundur hennar er Þórdís Richardsdóttir. Þórdís er alin upp á Hverfisgötu og bjó um skeið á Dunhaganum. Því má segja að hún sé Vesturbæingur. Hún hleypti heimdraganum 26 ára aldri og hefur búið í Uppsala í Svíþjóð í á fimmta áratug. Þórdís eða Dísá eins og hún var oft kölluð gaf sína fyrstu ljóðabók úr aðeins 24 ára aldri. Bókin nefndist Ljóð í lausaleik og vakti strax mikla athygli enda óvenjuleg að mörgu leyti. Ljóðin voru barn nýs tíma frumleg og femínsk í senn. Nokkuð sem tengdist tíma þegar íslenskar konur voru að vakna til vitundar. Þegar þær héldu kvennafrídag. Fjölmennu í miðborgina og mörkuðu upphaf þeirrar jafnréttisbaráttu kvenna sem hófst í kjölfarið.

Með bókinni Ljóð í lausaleik skrifaði Þórdís sig með eftirminnilegum hætti sem hluta af þessari baráttu. Þótt Þórdís hafi búið handan hafsins frá 1976 hefur hún hefur alla tíð haldið mikilli tryggð og tengslum við áttthagana. Hún hefur komið reglulega til landsins og fylgst með mönnum og málefnum. Þórdís hefur lengst af starfað sem kennari í Uppsala en hefur aðreið hætt að skrifa. Árið 2001 gaf hún út ljóðabókina Úr bláu tjaldi og nú bókina Eins og í kviksjá.

Í þessari nýju bók minnst hún móðurlandsins sem ýmsum hætti. Tengslanna við land og fjölskyldu sína. Tileinkar hana tveim systrum sem báðar létust fyrir aldur fram. Hún skiptir bókinni í þrjú kafla. Hinn fyrsta nefnir hún "Hér á ég heima" hvar annars staðar en á landinu bláa.

Undir Esjunni. Skógar Svíþjóðar skyggja þar ekki á sýn hennar til vesturs. Á köflum kemur söknuður fram. Íslendingseðlið í gegnum tíðina.

Á einum stað segir hún:

Enn einu sinni
komin í heimsókn
En ekkert stendur í stað
Þó mér þóknist
að líta inn
Það stæði ekki einu sinni
í stað þótt ég dveldi
hér endalaust
og heimtaði
meiri tíma.

Þannig sér hún hin gömlu heimkynni fyrir sér. Nýja tíma tengjast hinum eldri.

Í öðrum hluta bókarinnar skrifar hún til látinna systra sinna. Lýsir uppeldi þeirra. Fjallar um líf þeirra og lífslok. Ef til vill finnst henni að hún hafi ekki verið til staðar fyrir þær þegar örlögin gripu í tauma.

Þar segir hún:

Og allt sem við trúðum á
lékum okkur að
hræddumst
birtist á veggjum
í sjúkrastofunni
eins og á hvíta tjaldinu
í Stjörnuvísi.

Þriðja hluta bókarinnar kallar hún "Þegar hringurinn þrengist". Þar leitar hún til fyrri tíðar. Dregur fram myndir af fullorðnu fólki. Einkum konum. Fyrir vestan. Erfiði daganna vonum og þrám. Hvernig tengist hennar lífi líf þeirra. Er ef til vill er skammt á milli kynslóða. Þeirra sem eru að hverfa og hinna sem enn eru



Kápa bókarinnar er skreytt með mynd eftir barnabarn Þórdísar.

að vaxa. Í lokljóði bókarinnar skrifar hún til móður sinnar. Fullorðnar konu sem dvelur á hjúkrunarheimili og hefir misst tvær dætur sínar. Lýsir hinu daglega lífi á sinn hátt.

Sannar hæfileika sína

Í þessari bók hefur Þórdís enn á ný sannað hæfileika sína sem höfundur. Hæfileika til þess að greina mannssálina. Hæfileika til þess að líta inn á við. Líta í eign þarm og færa sjónina í töluð orð. Í bókstafi. Eins og í kviksjá er með athyglisverðust ljóðabókum sem komið hafa út á þessu hausti. Þórdís sýnir að hún hefur engu gleymt frá því hún tók þátt í að ýta kvennafrídagnum úr vör með Ljóðum í lausaleik. Hún hefur þess í stað margt lært á leiðinni í gegnum lífið.

Landakotsskóli sigurvegari í skák

Landakotsskóli er sigurvegari Reykjavíkurmóts grunnskólasveita í áttunda til tíunda bekk 2021. Skólinn sendi tvö lið í keppni áttunda til tíunda bekkjar, A-sveit og stúlknasveit. A-sveitin gerði sér lítið fyrir og vann mótið, með þó nokkrum yfirburðum. Allar viðureignir unnust, heilir 22 vinningar af 24 mögulegum. Stúlknasveitin var skipuð þeim Gerðu Bergsdóttur, Ástu Eddu Árnadóttur og Tinnu Sif Þrastardóttur í 8. bekk og fékk sveitin 4 vinninga. Þar sem hún var eina stúlknasveitin í flokknum sigraði skólinn einnig í stúlkna-flokki í áttunda til tíunda bekk.

Landakotsskóli kom vel út á Reykjavíkurmóti grunnskólasveita sem fram fór í húsnæði Taílfélags Reykjavíkur 11. til 12. október. Skólinn sendi eitt lið í flokk fjórða til sjöunda bekkjar. Sveitin lenti í fjórða sæti, stutt frá verðlaunasæti. Liðsmenn á miðstigi voru: Jón



Skákmeistarar í Landakotsskóla.

Louie Freygang Thoroddsen og Helgi Nils Gunnlaugsson 4. bekk, Muhammad Rayan Ijaz Sulehria B-hópi, Vilhjálmur Andri Jóhannsson 6. bekk. Liðsstjóri var Jón Fjölur Thoroddsen.

Sveitin vann þrjár viðureignir, gerði jafntefli í tveimur og tpaði tveimur, og hlaut 17 vinninga, aðeins hálfum vinningi frá þriðja sæti. Liðsstjóri beggja liða var Gauti Páll Jónsson.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

RECARO
Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMIDURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Nýja Reykjavík

- Dagur B. Eggertsson fjallar ýtarlega um tímann í borgarmálunum

Út er komin bókin Nýja Reykjavík Umbreytingar í ungri borg. Höfundur bókarinnar er Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Nýmæli er að borgarstjóri í Reykjavík fjalli um uppvöxt sinn í borginni og þróun hennar frá því hann var strákur í Árbænum til dagsins í dag þegar hann er að átta árum í starfi borgstjóra og um tveimur áratugum í starfi að borgarmálum.

Í upphafi bókarinnar segir hann frá því hvernig það bar til að hann fór að hafa afskipti af borgarmálum. Hann kom inn í starf Reykjavíkurlistans árið 2002 sem var síðasta árið sem hann bauð fram. Hann fjallar síðan um þau verkefni sem unnin voru á tímum R-listans. Dagur fjallar nokkuð um skipulagsmál í borginni sem voru að taka miklum breytingum þegar hann kemur að borgarmálum og sér víða stað í borginni í dag.

Ringulreið og Bestiflokkur

Dagur fer því næst yfir tímabilið eftir að Reykjavíkurlistinn hætti og

ringulreið sem þá tók við og of langt yrði að rekja á þessum vettvangi. Tímabil þar sem fjórir borgarstjórar sátu á einu og sama kjörtímabilinu. Dagur segir að skipulagsmál hafi stöðugt sett nokkurt mark á borgarmálin og þegar Sjálfstæðisflokkurinn komst aftur til valda hafi úthverfastefnan verið endurvakin og þá með áherslu á sérþýlabyggð í Úlfarsárdal. En skjótt skipast veður í lofti og með óvæntum sigri Bestaflokks Jóns Gnarr og setu hans í stóli borgarstjóra hófust nýir tímar. Dagur fjallar ýtarlega um tíma Jóns en þeir störfuðu náið saman þau fjögur ár sem Besti flokkurinn átti aðild að borgarstjórninni. Dagur segir frá fjárhagslegum vanda Orkuveitunnar í kjölfar hrunsins og þeirri björgunaráætlun sem var sett saman og unnið efir. Dagur segist hafa komist á þá skoðun að Ísland ætti vannýtt tækifæri á sviði loftslagamála. Hann segir að þar hafi verið við erfiðað etja. Þessi málaflokkur hafi heyr undir marga aðila í stjórnkerfinu og áhugaleysi á honum hvarvetna verið áberandi.

Hin afskiptu úthverfi

Hér er aðeins stungið á örfáum atriðum sem Dagur fjallar um í 350 blaðsíðna bók sinni. Inn í frásögn af málefni Reykjavíkurborgar fléttar hann hluta lífssögu sinnar og hvernig hún tengist stjórnmalastarfi og rekstri Reykjavíkurborgar. Hann fjallar til dæmis um úthverfin tvö, Árbæ og Breiðholt sem hann kallar hin afskiptu úthverfi æsku sinnar, stór hverfi sem byggð voru á skömmum tíma en síðan lítið sinnt um árum saman. Dæmigert hafi verið fyrir Jón Gnarr að kynna borgarstjórnarmeirihluta sinn af þaki blokkar í Asparfelli. Með því hafi verið lögð áhersla á að þetta væri hluti Reykjavíkur. Dagur segir ýtarlega frá vinnu við að endurskipuleggja húsnæðismálin og samstarfi við forystu Alþýðusambandsins nokkuð sem farið er að skila árangri í dag nokkuð löngu síðar en þegar til þess var stofnað. Í lokakafla bókarinnar fjallar Dagur meðal annars um baráttu við Kórónaveiruna um Græna planið sem unnið hefur verið fyrir framtíðarstefnu



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

borgarinnar. Mikill fengur er að þessari bók. Þar er ekki aðeins verið að segja sögu borgarmála og þróun Reykjavíkurborgar undanfarna áratugi heldur einni frá persónulegri upplifun og

reynslu þess sem staðið hefur í miðju hinna daglegu mála í tvo áratugi. Hér er á ferð mjög áhugaverð lesning.

Helgihald í Dómkirkjunni um jól og áramót

Starfsfólk og sóknarnefnd Dómkirkjunnar óska sóknarbörnum og landsmönnum öllum gleðríkra jóla og Guðs blessunar á nýju ári.

Sunnudagur 19. desember

Guðþjónusta kl. 11.00.

Séra Elínborg Sturludóttir.

Æðruleysismessa kl. 20.00

Séra Dána Ósk Óskarsdóttir, séra Elínborg Sturludóttir og séra Fritz Már Jørgensson.

Kristján Hrnannar Pálsson leikur á flygilinn.

Þriðjudagur 21. desember

Bæna- og kyrrðarstund kl. 12.00.

Bach tónleikar Ólafs Elíassonar kl. 20.30-21.00.

Miðvikudagur 22. desember

Mozart við kertaljós kl. 21.00.

Kammerhópurinn Camerartica heldur sína árlegu kertaljósátónleika.

Að venju lýkur tónleikunum á jólasálmunum í dag er glatt í döprum hjörtum.

Aðfangadagur jóla 24. desember

Dönsk messa kl. 15.00.

Séra Ragnheiður Jónsdóttir og Hafsteinn Þórólfsson einsöngvari.

Aftansöngur á aðfangadegi jóla kl. 18.00.

Séra Sveinn Valgeirsson prédikar og séra Elínborg Sturludóttir þjónar.

Samkvæmt nýjustu sóttvarnareglum þurfa allir gestir fæddir árið 2015 eða fyrr að framvísa neikvæðu hraðprófi, Neikvæð PCR-próf mega ekki vera eldri en 48 klukkustunda. Athugið að heimapróf og bólusetningavottorð gilda ekki.

Gestir eru vinsamlega beðnir um að virða grímuskyldu og hafa QR kóða tilbúna í sínum þegar mætt er á aftansönginn.

Jóladagur 25. desember

Hátíðarmessa klukkan 11.00

Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir prédikar og séra Sveinn Valgeirsson þjónar.

26. desember

Guðþjónusta kl. 11.00.

Séra Elínborg Sturludóttir.

28. desember

Bach tónleikar Ólafs Elíassonar kl. 20.30-21.00.

Gamlársdagur 31. desember

Aftansöngur kl. 18.00

Séra Elínborg Sturludóttir prédikar og séra Sveinn Valgeirsson þjónar.

Nýársdagur 1. janúar

Hátíðarguðþjónusta kl. 11.00.

Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, prédikar og séra Elínborg Sturludóttir þjónar fyrir altari.

2. janúar


Barna og fjölskyldumessa kl. 11.00

Séra Elínborg Sturludóttir.

Dómkórinn syngur við allar athafnir og Kári Þormar dórmorganisti leikur á orgelið.



Undirstaða
yndispokkans.



Sendum viðskiptavinum okkar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár, með kærri þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Afgreiðslutími um jólin:

24. desember, Aðfangadagur	09.00 - 17.00
25. desember, Jóladagur	12.00 - 17.00
26. desember, Annar í jólum	10.00 - 22.00
31. desember, Gamlársdagur	09.00 - 17.00
1. janúar, Nýársdagur	12.00 - 17.00

PÉTURSBÚÐ

Ránargötu 15

Endurbætt Hagkaups verslun á Eiðistorgi



Sigurður Reynaldsson framkvæmdastjóri Hagkaups, Enric M. Teitsson verslunarstjóri og Rui Pedro aðstoðarverslunarstjóri á Nesinu.

Verslun Hagkaups á Eiðistorgi hefur verið töluvert endurbætt að undanförunu og er framkvæmdum við verslunina nú lokið.

Sigurður Reynaldsson framkvæmdastjóri Hagkaups segir verslunina á Eiðistorgi vera mikilvæga í rekstri félagsins og það hafi verið tímabært að ráðast loksins í þessar spennandi endurbætur. Hins vegar hafi ákvörðun um framkvæmdirnar tekið langan tíma þar sem óvissa ríkti um framtíðar áform húsnæðisins. Þegar þeirri óvissu var eytt og Hagar tóku ákvörðun um að festa kaup á húsnæðinu sem verslunin er í, þá var ekkert til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir af fullum krafti. Við erum mjög ánægð með að hafa lokið þessum áfanga og vonum að viðskiptavinir okkar kunni vel að meta breytingarnar, segir Sigurður.

Nýtt útlit í verslunum

“Síðustu mánuði höfum við verið í mikilli þróunarvinnu með ákveðna ásynðarþætti Hagkaups. Við höfum gert breytingar á innréttingum, tækjabúnaði og merkingum í verslunum okkar, ásamt því að hanna nýtt útlit fyrir markaðsefni Hagkaups. Þessar breytingar má nú sjá í verslunum okkar á Eiðistorgi og á Akureyri, en á nýju ári munu aðrar Hagkaups verslanir bætast í hópinn.

Aukið og áreiðanlegra vöruúrval

Enric Már, verslunarstjóri Hagkaups á Eiðistorgi segir að fjölbreytt og áreiðanlegt vöruúrval sé algjört lyklatríði í verslunum Hagkaups. Í nýfastöðnum breytingum á versluninni

var meðal annars skipt yfir í nýtt hillukerfi sem tekur minna gólfpláss en býður upp á fleiri hillur. Þetta gerir okkur kleift að styrkja vöruúrval og áreiðanleika enn fremur. Viðskiptavinir eiga að geta farið með allar mataruppskriftir (bæði einfaldar og flóknar) í Hagkaup og fengið öll hráefnin á einum stað. Einnig eiga viðskiptavinir að geta komið í Hagkaup fyrir innblástur og góðar hugmyndir þegar þeir hafa ekki hugmynd um hvað þeir ætla að elda í kvöldmatinn. Það er okkar markmið að allir geti töfrað fram gæðastundir í eldhúsinu þegar þeim hentar, segir Enric Már.

Umhverfismál í forgangi

“Hagkaup leggur ríka áherslu á vernd umhverfisins og hefur skýr markmið í aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni. Eitt af markmiðum okkar er að hætta allri notkun á Freon og skipta yfir í umhverfisvænan kælimiðil í öllum okkar verslunum fyrir lok ársins 2022“, segir Sigurður.



Sett hefur verið upp ný LED lýsingu í versluninni sem gefur betri lýsingu og sparar orku.



Skipt hefur verið um alla frysta og kæla í versluninni á Eiðistorgi.



Í nýfastöðnum breytingum á versluninni var meðal annars skipt yfir í nýtt hillukerfi sem tekur minna gólfpláss en býður upp á fleiri hillur.

Stöðug vöruþróun og netverslun

Sigurður segir að eflaust gera fæstir sér grein fyrir því hversu mikil vinna fer fram bak við tjöldin við að viðhalda framúrskarandi vöruúrvali í Hagkaup. Þetta á ekki síst við um jólavertíðina en þá koma yfir fjölmargar nýjar vörur í verslanir okkar - allar með því markmiði að auðvelda fólki eldamennskuna yfir hátíðarnar. Það er líka gaman að segja frá því að við höfum verið að vinna í netverslun fyrir snyrtivörudeild Hagkaups sem að fer í loftið á næstu vikum. Það er óhætt að segja að það sé líf og fjör hjá okkur þessa dagana og spennandi nýjungar í farvatninu.

Alltaf til ananas

Verslun Hagkaups á Eiðistorgi er orðin órjúfanlegur hluti af bæjarlífinu á Seltjarnarnesi. Viðskiptavinir okkar eru margir fastagestir og starfsmenn eru farnir að þekkja heilu fjölskyldurnar með nafni. Við leggjum okkur fram við að hafa andrúmsloftið í versluninni notalegt og að viðskiptavinir geti treyst á gott úrval og góða þjónustu í Hagkaup. „Við reynum líka að vera með puttann ná pulsinum í bæjarlífinu og vorum til dæmis ekki lengi að panta auka sendingu af ananas þegar bæjarbúar sáu ákveðin tækifæri í kaupum á ananas“ segir Enric með bros á vör.



Spilavinir

ÓPIÐ *allan* SÓLARHRINGINN Í VEFVERSLUN SPILAVINA

Suðurlandsbraut 48 (bláu húsunum í Skeifunni) • www.spilavinir.is



Kjöthitamælir

Jólatilboð!

20% Afsláttur

Vaktaðu steikina með símanum

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • Vefverslun: www.skorri.is

Á þriðja hundrað ráðninga auk sumarstarfa

- vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar reynast vel

Í janúar á þessu ári samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að veita 460 milljónum króna í vinnu- og virkniaðgerðir. Um er að ræða samstarfsverkefni milli velferðarsviðs og mannaúts- og starfsumhverfissviðs um vinnumiðlun og stuðnings- og virknimiðlun. Markmiðið er að aðstoða fólk sem hefur verið án atvinnu til lengri tíma að komast aftur í virkni og starf.

Reykjavík hefur hingað til ráðið 212 manns en að auki hafa vinnumarkaðsaðgerðirnar skilað 934 viðbótarsumarstörfum fyrir 18 ára og eldri og 200 störfum fyrir 17 ára einstaklinga, síðustu tvö sumur. Um er að ræða tímabundið átaksverkefni, eins og verkefnið Hefjum störf sem heyrir undir Vinnumálastofnun; þarft verkefni eftir Covid 19 til þess að hjálpa fólki að fá vinnu og komast í virkni. Þetta eru tímabundin störf, oftast til sex mánaða, en margir hafa fengið áframhaldandi ráðningu.



Þetta fólk er ef til vill ekki í sumarstarfi, en það stundar sumarlíf við Reykjavíkurtjörn.



Helgihald í Neskirkju um jól og áramót

Dagskráin miðast við gildandi sóttvarnir og gæti því breyst.

24. desember. Aðfangadagur

Jólastund barnanna kl. 16.00

Barnakór Neskirkju syngur.
Stjórnandi Lára Bryndís Eggertsdóttir.
Jólaguðspjallið flutt með þátttöku barnanna.
Umsjón Rúnar Reynisson.
Prestur sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.
Við skiptum í hólf til að tryggja sóttvarnir.

Aftansöngur kl. 18.00

Kór Neskirkju syngur.
Organisti Lára Bryndís Eggertsdóttir.
Prestar sr. Skúli S. Ólafsson og
Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.
Kirkjugestir sýni hraðpróf eða PCR próf sem er yngra en 48 klst.

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23.30

Háskólakórinn syngur.
Stjórnandi og organisti Gunnsteinn Ólafsson.
Prestur sr. Skúli S. Ólafsson.
Við skiptum í hólf til að tryggja sóttvarnir.

25. desember. Jóladagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00

Drengjakór Reykjavíkur syngur.
Stjórnandi Þorsteinn Freyr Sigurðsson.
Kór Neskirkju syngur. Stjórnandi og organisti Lára Bryndís Eggertsdóttir.
Prestar sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir og sr. Skúli S. Ólafsson.
Við skiptum í hólf til að tryggja sóttvarnir.

Kirkjunni er skipt í þrjú sóttvarnarhólf.

26. desember. Annar í jólum

Helgistund og jólaball barnastarfsins kl. 11.00

Góðir gestir koma í heimsókn.
Sungið og gengið kringum jólatré.
Umsjón hefur starfsfólk barnastarfs.
Ari Agnarsson leikur undir.
Prestur sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

31. desember. Gamlársdagur

Aftansöngur kl. 18.00

Kór Neskirkju syngur.
Organisti Lára Bryndís Eggertsdóttir.
Prestur sr. Skúli S. Ólafsson.
Við skiptum í hólf til að tryggja sóttvarnir.

1. janúar. Nýársdagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00

Kór Neskirkju syngur.
Organisti Lára Bryndís Eggertsdóttir.
Prestur sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.
Við skiptum í hólf til að tryggja sóttvarnir.

2. janúar sunnudagur

Helgistund og sunnudagaskóli kl. 11.00

Prestur sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.
Lára Bryndís Eggertsdóttir leikur undir söng.



- Er komið að húsnæðis-skiptum eða vantar þig stuðning og ráðgjöf við erfðaskrá, kaupmála eða dánarbússkipti?
- Vilt þú fá lögmann þér við hlið sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu?
- **BÚUM VEL** veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elin Sigrún, lögmaður
Tryggvagötu 11, 2. hæð
sími 783 8600
elin@buumvel.is
www.buumvel.is



Sérhæfð
lögfræðiþjónusta
við búsetuskipti
með áherslu á 60+

- VERIÐ VELKOMIN -

Arna

ís- og kaffibar



**VERIÐ VELKOMIN
TIL OKKAR Á EIÐSTORGIÐ**

Við bjóðum upp á kaffi og ótal bragð-
tegundir af dásamlegum Örnú ís.

**Opið virka daga 9 - 18
og helgar 10 - 18.**

Eiðstorgi 15

facebook.com/arnaisogkaffi

Vesturbæjarskóli

Umhverfismál

rædd á

réttindaráðsfundi

Margt var um að vera á réttindaráðsfundi í Vesturbæjarskóla. Börnin í Réttindaráði gengu um skólann og gerðu úttekt á nokkrum atriðum varðandi Réttindaskóla. Meðal þess sem var á gátlistanum var hvort Barnasáttmálinn og bekkjarsáttmáli væri sýnilegur og hvort bekkjarfundir væru haldnir í hverri viku.

Úttektin gekk mjög vel og mun ráðið ganga aftur um skólann fljótlega og sjá hvort búið sé að gera úrbætur þar sem þarf. Á fundinum ræddum við um umhverfismál og skoðuðum hafið í sýndarveruleika. Við ræddum plastnotkun og hvað við getum gert til þess að hafa áhrif. Meðal þess sem börnin sögðu var að flokka, týna rusl, kaupa minna, breyta neysluhegðun okkar og endurnýta meira. Af þessu tilefni er hér bréf til foreldra frá Réttindaráði til vekja fólk til umhugsunar varðandi plastnotkun.



Réttindaráð í Vesturbæjarskóla.

Kæru foreldrar

Við í Réttindaráði viljum benda á að við í Vesturbæjarskóla tökum afstöðu með umhverfinu og við minnum ykkur á að senda börnin með fjölnota umbúðir fyrir nesti. Nú eru jólin að koma og við viljum minnka plastmengun til dæmis með því að endurnýta gjafapappírinn og kaupa umhverfisvænari gjafir.

Kveðja
Réttindaráð
Vesturbæjarskóla

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 32 ára

Afmælisins minnst í Tjörninni

Laugardaginn 20. nóvember fagnaði samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, eða barnasáttmálinn eins og við köllum hann alla jafna, 32 ára afmæli sínu. Frístundaheimili Tjarnarinnar tóku af því tilefni stóran hluta af nóvember undir það að setja sáttmálann og réttindi barna sérstaklega í brennidepilinn, en barnasáttmálinn skipar alla jafna veigamikinn sess í starfinu, honum var bara gert sérstaklega hátt undir höfði í afmælimánuðinum. Meðal annars eru fjögur af sjö frístundaheimilum okkar komin með vottun sem réttindafrístund Unicef, fimmta frístundaheimilið hefur hafið vinnuna við að fá vottun og öll, sama hvort þau eru með vottun sem réttindafrístund eða ekki vinna eftir grunnstefjum barnasáttmálans, sem einnig mynda grunnþóninn í menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Ýmislegt var brasað og gert til að kynna börnin fyrir sáttmálanum og þeim réttindum sem hann tryggir þeim, bæði í gegnum leik og beina fræðslu. Samræður skipuðu stóran sess og m.a. var rætt um muninn á réttindum og forréttindum, en út frá því sköpuðust ýmsar áhugaverðar umræður eins og t.d. að sumum börnum finnst það t.d. vera réttindi en ekki forréttindi að eiga síma því sími sé öryggistæki og börn eigi rétt á öryggi! Það er erfið að mótmæla svona góðum rökum og við erum ótrúlega stolt af því hvað börnin voru liðtæk í samræðunum og hvað þau er góð í að tjá sig og færa góð rök fyrir skoðunum sínum. Geri aðrir betur! En þetta var samt ekki allt eintómur dans á rósum. Ilkvittir einræðisherrar sáu sér leik á borði og sviptu börnin á augabragði valfrelsi sínu og réttinum til að hafa eitthvað um daginn sinn að segja! Sem betur fer stóðu þau sterk saman og nýttu sér rödd sína og kraftinn sem felst í sameiningunni og veltu þessum ómögulegu einræðisherrum úr stóli og endurheimtu sín dýrmætu réttindi. Gott ef sumir kunna ekki bara betur að meta þau eftir þessa uppákomu.


engar áhyggjur af framtíðinni í höndum þessara krakka sem eru alin upp í anda lýðræðis, friðar og umburðarlyndis. Framtíðin er björt með þau í fararbroddi.

Á myndunum má sjá ýmis verkefni sem börnin unnu í barnaréttindavikunni.
Myndir - Tjörnin.



Starfsfólk í lykilstöðu

Við sem störfum á vettvangi frítímans segjum oft að starfsfólk okkar sé í algörri lykilstöðu til að hafa áhrif á viðhorf barna til frambúðar og því sé gríðarlega mikilvægt að við vöndum til verka og sinnum hlutverki okkar sem fræðarar af fagmennsku, metnaði og alúð. Við erum þó ekki þau einu sem geta sinnt þessu hlutverki, en börnin sjálf geta gegnt mjög mikilvægu hlutverki við að hafa áhrif á viðhorf fólks og fræða aðra. Því fönndruðu þau spjöld sem þau gengu með um í nærumhverfi sínu þar sem þau minntu vegfarendur á réttindi barna, þau fönndruðu falleg hjörta og lauf sem þau skrifuðu tiltekin réttindi á og ýmist settu í póstkassa hjá fólki í nágrenninu eða hengdu á hurðarhúna og þau hengdu upp veggspjöld í búðum og fyrirtækjum í nágrenninu, allt til þess að fræða aðra um barnasáttmálann og réttindi barna. Og að sjálfsgöðu gleymdu þau ekki ráðamönnum sem taka margar afdrifaríkar ákvarðanir varðandi málefni barna og því fór hópur frá okkur á fund borgarstjóra og afhenti honum afmælistort þar sem hann var minntur á barnasáttmálann og þær skyldur sem hann ber sem borgarstjóri gagnvart honum og þeim sem börnum. Höfum við fulla trú á að þetta hafi skilið mikið eftir hjá öllum sem tóku þátt í þessum skemmtilegu verkefnum og við höfum



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utfarin.is



SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Ævintýraborg Eggertsgötu

Opnun í byrjun janúar 2022

Ævintýraborg Nauthólsvegi

Opnun í lok janúar 2022



VILTU VERA MEÐ
FRÁ UPPHAFI



Tveir nýir leikskólar verða opnaðir í Reykjavík janúar 2022.

- Viltu taka þátt í að móta skólann frá upphafi?

Nú leitum við að kraftmiklu, skapandi og metnaðarfullu fólki til að slást í för með okkur og móta starfið í fyrstu skólunum tveimur, við Eggertsgötu og Nauthólsveg.

VIÐ LEITUM AÐ:

- Aðstoðarleikskólastjóra
- Sérkennslustjóra
- Deildarstjóra
- Leikskólakennurum

FRÍÐINDI:

- Sundkort
- Afsláttur á dvalargjaldi
- Samgöngustyrkur
- Forgangur í leikskóla
- Menningarkort
- Heilsustyrkur
- Frír hádegismatur

Ævintýraborgirnar eru leikskólar miðsvæðis í borginni. Í þeim verður góður aðbúnaður fyrir börn og starfsfólk. Frábær starfsmannaaðstaða, nægt rými og 36 stunda vinnuvika.

FJÓRAR ÆVINTÝRABORGIR:

- Eggertsgata – 85 börn, opnun janúar 2022
- Nauthólsvegur – 100 börn, opnun janúar 2022
- Vogabyggð – 100 börn, opnun vorið 2022
- Barónsstígur – 60 ungbörn, opnun vorið 2022

Nánari upplýsingar um störfin og ævintýraborgirnar á reykjavik.is/storf



Mannréttinda- dagur barna í Landakotsskóla



Frá barnþingi í Landakotsskóla.

Haldið upp á dag mannréttinda barna í matsal Landakotsskólaskóla með barnþingi en sá dagur er haldinn 20. nóvember ár hvert. Tveir fulltrúar úr fyrsta til tíunda bekk fluttu sitt hvora tillöguna frá sínum bekk og svöruðu með þeim spurningunni; Hvað getum við nemendur sjálfir gert svo okkur líði vel í skólanum?

Hver bekkur ræddi með umsjónarkennara sínum ólíkar hugmyndir og var svo kosið í bekkjunum um það sem nemendum þótti mikilvægast. Viðstaddir barnþingið voru þeir kennarar sem sjá um bekkjarráð á yngsta, mið- og unglingastigi; Hera Sigurðardóttir, Hulda Signý Gylfadóttir og Orri Erlingsson og formaður foreldrafélagsins Anna Lís Björnsdóttir, ásamt Solveigu Shima sem heldur utan um Unesco verkefni skólans sem þetta telst til. Tillögur nemenda eru til sýnis á vegg við matsal og verður unnið áfram með þær í nemendaráðum hvers stigs og skoðað hvernig megi koma þeim í framkvæmd eða gera hugmyndir sýnilegar – okkur öllum til áminningar.

Meðal tillagna voru:

- Að bjóða þeim að leika sem langar að vera með en þora ekki að spyrja.
- Að passa að dömubindi séu aðgengileg.
- Að passa upp á skólann og að hann sé snyrtilegur.
- Ekki sóa mat.
- Að vera góð hvort við annað.
- Að setja upp box þar sem nemendur gætu sett nafnlausar ábendingar ef þeir halda að einhverjum líði illa og að setja líka ábendingu um eitthvað sem má laga.

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

STURLUNGA SAGA I-III



ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN

Tilnefning

„Vandvirkni og fræðileg úttekt Guðrúnar Ásu gerir lesendum nútímans unnt að njóta hins forna rits í hvívetna [...] Fróðleg og spennandi lesning.“
(Úr umsögn dómnefndar)

HÍÐ ÍSLENSKA FORNRITAFÉLAG

Dreifing: HÍÐ ÍSLENSKA BÓKMENNTAFÉLAG

Dagatöl

- Séra Skúli Ólafsson skrifar um boðskap jólaanna

Dóttursonur minn, orkubolti á þriðja ári, hélt lukkulegur á dagatalinu eftir að hafa, lögum og venju samkvæmt, fengið að opna fyrsta reitinn af 24. Súkkulaðið hafði fyrirsjáanleg áhrif. Andlitið ljómaði af brúnu brosi og óðara seildust litlir fingur í hina rammana sem voru enn óhreyfðir. Móðir hans þurfti að hafa sig alla við til að fá hann til að losa takið og að útskýra fyrir smábarninu hvernig málum væri háttað með þessi dagatöl: Aðeins má opna einn reit á dag. Hún sagði okkur svo í óspurðum fréttum að þessa ásælni hefði hann trúlega fengið í arf úr föðurættinni, hversu líklegt sem það kann nú að vera.

Dagatöl skipa stóran þátt í lífi fjölskyldna á aðventunni. Um leið og barnsaugun opnast að morgni dags leitar hugurinn til þessara litríku spjalda.

Þau fanga líka ákveðna þætti aðventunnar, eða jólaföstudunnar eins og við í kirkjunni köllum hana líka. Við getum sagt að þau færi föstudna – meinlætið – í nútímabúning. Dagatöl eru samspil neyslu og aðhalds. Það að þurfa að neita sér um að opna öll súkkulaðifylltu hólfin krefst sjálfsaga. Þetta eina sem barnið hefur aðgang að, að því gefnu að dagatölin séu ekki mörg, eykur fljótt á löngunina í að frelsa alla hina molana, en það er auðvitað bannað. Það þarf að halda aftur af sér.

Þetta er ekki ósvipað hlutskipti samviskubitinna neytenda. Við reynum velja þessar svo kölluðu „vistvænu“ vörur úr hillum verslana. Þeim fylgja engu að síður kolefnisspor en um leið eru hinar látnar óhreyfðar, þær sem mögulega fara jafnvel enn ver náttúruna en þessar „umhverfisvænu“. Og þannig er tilveran á svo mörgum öðrum sviðum. Það er eins og lífið sé ævilöng jafnvægisþraut þar sem við látum eitthvað eftir okkur en neitum okkur um annað. Um leið dynja á okkur tíðindin um að lífsmáti þessi sé ekki sjálfbær. Við klárum auðlindir jarðar of ört.



Stundum læðist að manni sá grunur að rétt eins og dagatölin tilheyra ákveðnu skeiði ævinnar, þá verði þessi línudans neytandans einnig kenndur við tímabil í sögunni. Mögulega munu kynslóðir dóttursonar míns horfa til okkar með vorkunnsemi. Eða hvað er hægt að segja um kynslóðir sem breyta sífellt andstætt betri vitund? Það góða sem við viljum, gerum við ekki – eins og Páll postuli komst að orði á sínum tíma.

Þegar svo allir gluggar dagatalsins hafa verið opnaðir er runnin upp þessi hátíð sem allt snýst jú um. Jólin eru lýsandi dæmi um áhrifamátt hins fábrotna andstætt varningnum sem fyllir hífýli okkar og ísskápa. Jóluguðspjallið hefur staðist tímans tönn í öllum sínum einfaldleika. Við lesum um fátækt fólk og um kornabarnið, tákn jólaanna. Í varnarleysi sínu og auðsæranleika fyllir það líf okkar tilgangi og merkingu. Þannig verða börnin okkur áminning um að búa þeim góðan heim þegar þau taka við keflinu af okkur.

Þessi er boðskapur jólaanna og sú er sannfæring mín að heimsbyggðin hafi meiri not af honum nú en nokkru sinni fyrr.

Kvennaathvarfið

Átján nýjar leiguíbúðir í Vesturbænum

Kvennaathvarfið hefur tekið í notkun 18 leiguíbúðir í nýju áfangahéimili í miðborg Reykjavíkur. Íbúðirnar eru 27 til 75 metrar að flatarmáli og hugsaðar sem úrræði fyrir konur sem dvalist hafa áður í neyðarathvarfi og geta ekki farið aftur á sitt fyrri heimili. Þegar er komið fólk í fimm íbúðir og fjölgar á næstu mánuðum.

Leiga í íbúðunum verður í lágmarki auk þess sem konunum mun bjóðast margvíslegur félagslegur stuðningur til betra lífs. Leigusamningar verða til eins árs og við undirritar Kvennaathvarfsins áætlun um hvernig árið skuli notað á uppbyggilegan máta; svo sem í námi, starfi eða öðru sem hverjum og einum hentar. Að þeim tíma liðnum skal viðmiðið vera að konurnar fari út í lífið og þá í húsnaði á almennum markaði. Áfangahéimilið er á þremur hæðum um 680 fermetrar að flatarmáli. Undirbúningur framkvæmda hófst árið 2017 og framkvæmdir snemma árs í fyrra. Samanlagður byggingarkostnaður er um 480 milljónir króna. Um þriðjungur þeirrar upphæðar var stuðningur frá ríki og borg en ýmis samtök lögðu byggingunni einnig lið.



Hið nýja hús Kvennaathvarfsins í Vesturbænum.



Netverslun: systerasamlagid.is

Laugarnar í Reykjavík



Vesturbæjarlaug 1961—2021



Afgreiðslutími sundstaða um jól og áramót 2021 – 2022

	Þorláksmessa	Aðfangadagur	Jóladagur	Annar í jólum	Gamlársdagur	Nýársdagur
	23. des	24. des	25. des	26. des	31. des	1. jan
Árbæjarlaug	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Breiðholtslaug	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Dalslaug	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Grafarvogslaug	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Klébergslaug	11.00-18.00	10.00-13.00	Lokað	11.00-18.00	10.00-13.00	12.00-18.00
Laugardalslaug	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Sundhöllin	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Vesturbæjarlaug	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Ylströnd	11.00-15.00	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað	11.00-15.00
Húsdýragarður	10.00-16.00	10.00-16.00	10.00-16.00	10.00-16.00	10.00-16.00	10.00-16.00



SUNDKORT ER GÓÐ JÓLAGJÖF

Nánar á www.itr.is





FLUGELDASALA Í KR HEIMILINU

Opið 28,29 og 30.des
til kl. 22.00

Á gamlársgdag er
opið til kl. 16.00

Meistaraflokkur kvenna færði Barnaspítala Hringingsins gjöf

Meistaraflokkur kvenna hjá KR vill sýna að lífið er ekki bara fótolti og að á þessum erfiðu tímum sem við höfum gengið í gegnum þetta árið skiptir máli að standa saman, hjálpast að og reyna að gera heiminn örflítið betri.

Með þá hugsjón tóku leikmenn sig saman og söfnuðu pening fyrir bókum, leikföngum og öðru nauðsynlegu dóti sem kemur sér vel fyrir Barnaspítala Hringingsins. Þar fóru fulltrúar liðsins, Rebekka Sverrisdóttir og Laufey Björnsdóttir ásamt þjálfara kvennaliðsins, Christopher Harrington og Friðgeir Bergsteinssyni sem hjálpaði til með verkefnið í heimsókn inná Barnaspítala Hringingsins, við Hringbraut.

Barnaspítalinn tók fagnandi á móti gjöfunum og liðið fékk í staðinn viðurkenningarskjál sem er að mörgu leyti betra en nokkur annar bikar.



Vel heppnuð æfingaferð

B og C hópar hjá sunddeild KR skelltu sér í æfingaferð á Laugavatn í byrjun nóvember.

Gist var í húsakynnum UMFÍ og synt í gömlu lauginni en búíð er að fríska upp á hana þannig að hún er í flottu ástandi núna. Hópurinn fékk svo hádegis- og kvöldmat hjá honum Sverri í Héraðsskólanum á Laugavatni.



Einstakt tækifæri til þess að styrkja KR

Kæru KR-ingar,

Þann 1. nóvember á þessu ári tóku gildi ný lög. Þau fela í sér nýja heimild fyrir einstaklinga til að draga allt að 350 þúsund krónur á ári frá skattskyldum tekjum sínum utan atvinnurekstrar vegna framlaga til almannaheillastarfsemi. Þá er einnig kveðið á um tvöföldun á hlutfalli sem atvinnurekstraraðilar mega draga frá skattskyldum tekjum vegna slíkra framlaga og fer það úr 0,75% í 1,5%. Slík framlög hækkuðu um milljarð króna árið 2016, þegar hlutfallið var hækkað úr 0,5% í 0,75%. KR hefur nú þegar skráð sig í almannaheillaskrá hjá fyrirtækjaskrá Skattsins og geta því velunnarar KR skráð sig fyrir styrk.

Ferlið er einfalt:

1. Þú millifærir upphæð að eigin vali á reikning 0137-26-595 og kennitölu 510987-1449 og sendir tölvupóst með nafni, kennitölu, upphæð og greiðsludegi á skrifstofa@kr.is og verður móttökukvittun send til baka.
2. Að almanaksári loknu skilar KR upplýsingum um framlagið til Skattsins sem áritar frádrátt á framtal þitt.

Nánar inn á heimasíðu KR:

www.kr.is/einstakt-tækifaeri-til-thess-ad-styrkja-kr/
Kæru KR-ingar, nýtum tækifærið og látum gott af okkur leiða með því að styrkja enn frekar við innviði okkar góða starfs.
Áfram KR!

FYRIRTAÐ
málningarþjónusta

TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI

VISA MASTERCARD LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

Þú færð KR-vörurnar hjá okkur!

Óskum KR-ingum og öllum Vesturbæingum gleðilegra jóla.

Jói útherji
www.joiutherji.is

Ármúli 36 • Reykjavík 108
S: 588 1560



www.kr.is

GETRAUNANÚMER KR

107

GETRAUNIR.IS

FRAMTÍÐARSJÓÐUR KR

STYRKUR Í FRAMTÍÐARSJÓÐ KR GEFUR ÞÉR SKATTAFLÁTT

Með framlagi að lágmarki kr. 10.000 og hámarki kr. 350.000 í Framtíðarsjóð KR gefur einstaklingum skattaafslátt á næsta ári ef greitt fyrir áramót.

Það þýðir að 10.000 kr. framlag lækkar skattana þína um allt að kr. 4.625

Við hvetjum KR-inga til að nýta sér þetta og stuðla um leið að bjartari framtíð fyrir KR.

Bankareikningur sjóðsins er:
0137-15-381527, kt. 471210-0560.

BYKO

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
Tilboð gilda til 24. desember eða á meðan birgðir endast

20%
afsláttur
Allar jólavörur



Stafafura frá Skógræktinni



Stafafura
100-150 cm
3.720 kr.

vnr. 41140101

Almennt verð: 4.650

Stafafura
151-200 cm
7.160 kr.

vnr. 41140104

Almennt verð: 8.950

Fæst í
öllum
verslunum
BYKO

Nýtt - nú eru komnir sjálfsafgreiðslukassar á Grandann!

Þú finnur
**Jólagjafa-
handbókina**
á byko.is



BYKO
GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!



Auðvelt að versla á byko.is